# FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING

228. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR

FÖSTUDAGUR 28. SEPTEMBER 2018




## 2 í OPINNI DAGSKRÁ

### Föstudagurinn
**28. sept**









### Laugardagurinn
**29. sept**




### Sunnudagurinn
**30. sept**












# FRÉTTABLAÐIÐ

229. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 28. SEPTEMBER 2018



Kristján Viðar Júlíusson


Guðjón Skarphéðinsson


Sævar Marinó Ciesielski



Albert Klahn Skaftason


Tryggvi Rúnar Leifsson

# Martröð er létt af þjóðinni

**Fimm dómfelldu voru sýknaðir af aðild að mannsmorðum í Guðmundar- og Geirfinnsmálum í gær. Dómsins hefur verið beðið áratugum saman.**

**DÓMSMÁL** Grafarþögn ríkti í Hæstarétti Íslands, þegar klukkuna vantaði eina mínútu í tvö fimmtudaginn 27. september 2018. Fullt var út úr dyrum í dómsal 1 þar sem saman var komið fólk sem lengi hefur átt samleið vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála.

Fjölmiðlafólkið var búið að koma sér fyrir og allur skarkali hljóðnaður. Virðulegur alvörusvipur var á verjendunum fimm en eftirvænting þeirra leyndi sér þó ekki. Gísli Guðjónsson réttarsálfræðingur, sem margir saklausir einstaklingar víða um heim eiga frelsi sitt að þakka, sat í miðjum sal.

Aðstandendur dómfelldu höfðu komið sér fyrir framarlega í salnum. Þau heilsuðust þvert á fjölskyldur, föðmuðu hvert annað. Erla sat í öndvegi, á fremsta bekk fyrir miðju. Aðrir dómfelldu voru ekki viðstaddir.

Svo komu dómararnir inn. Lásu dómsorð. Kristján Viðar, Sævar Marinó, Tryggvi Rúnar, Guðjón og Albert Klahn allir sýknaðir. Loksins. Uppgjör Guðmundar- og Geirfinnsmála tók furðu fljótt af í Hæstarétti Íslands þrátt fyrir langan aðdraganda. Allt var yfirstaðið á nokkrum mínútum.

Fjórum áratugum eftir að Ólafur Jóhannesson, þáverandi dómsmálaráðherra, lýsti því yfir við lok rannsóknar lögreglu að martröð væri létt af þjóðinni getum við loks tekið undir þau orð. Þó er margt eftir.

**– aá /** **sjá síðu 6**




## Þú átt skilið það allra besta

Ókeypis kynningartími sunnudaginn 30. sept. kl. 16.00
Skráning á dale.is/einstaklingar
Nánari upplýsingar á dale.is eða 555 7080

Copyright © 2018 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. 5x5_Ad_083118_ice



**Það sem við gerum á Dale Carnegie námskeiðinu:**
- Stækka þægindahringinn og auka sjálfstraust
- Auka samskiptafærni og rækta varanleg sambönd
- Sýna leiðtogafærni og veita öðrum innblástur
- Stjórna álagi, streitu og viðhorfi
- Þora að tala fyrir framan hóp og líða vel

**Námskeið hefjast:**
10. október – Kvöldnámskeið
16. október – Morgunnámskeið

Dale Carnegie

## Veður




Suðvestan hvassviðri en sums staðar stormur, einkum um landið norðvestanvert. Útlit fyrir hríð á fjallvegum norðanlands en talsverð rigning um vestanvert landið.
SJÁ SÍÐU 22

# Línudans við Dettifoss



**Með hjartað í buxunum fylgdust margir ferðamenn agndofa með línudansi hins franska Theó Sanson og félaga hans við Dettifoss í gær. Sanson auk tveggja félaga sinna hefur sýnt listir sínar við Jökulsárgljúfur síðustu daga.** FRÉTTABLAÐIÐ/GARPUR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir af ofurhugunum er að finna á +Plús-síðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Rekstrarleyfi elda felld úr gildi

**FISKELDI** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur fellt úr gildi rekstrarleyfi Matvælastofnunar (Mast) til handa Fjarðarlaxi og Arctic Sea Farm fyrir opnum sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði. Alls 17.500 tonna laxeldi í fjörðunum.

Niðurstaða nefndarinnar byggist á að umhverfismatsskýrsla fyrirtækjanna og álit Skipulagsstofnunar á skýrslunni geti ekki verið lögmætur grundvöllur fyrir ákvörðun um veitingu leyfa til framkvæmda. Taldi nefndin að Mast hefði borið að tryggja að málið væri nægilega upplýst, m.a. með því að gæta að því að lögbundið álit Skipulagsstofnunar hafi verið nægilega traustur grundvöllur fyrir leyfisveitingu.

Nánar má lesa um úrskurðinn á Fréttablaðið.is. **– smj**



**Gjaldskýlið fær hvíld frá störfum, allavega tímabundið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Gjaldtöku í göngin hætt í dag

**SAMGÖNGUR** Það verður sannarlega söguleg stund þegar gjaldtöku í Hvalfjarðargöngin verður hætt klukkan 13 í dag. Göngin verða svo formlega afhent ríkinu á sunnudag klukkan 15.

Eignarhaldsfélagið Spölur hf. hefur ásamt samgönguráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu lokið við gerð samnings um afhendingu Hvalfjarðarganganna. Tuttugu árum eftir að jarðgöngin voru opnuð fyrir umferð.

Ljóst er að daglegir notendur ganganna munu fagna þessum tímamótum enda lagt sitt af mörkum til að greiða fyrir framkvæmdina á undangengnum áratugum. **– smj**




# Stjórnarmenn í RÚV hissa á orðum Lilju

**Varaformaður stjórnar RÚV segir að með því að færa samkeppnisrekstur félagsins í dótturfélög væri verið að bæta við báknið. RÚV gæti þannig fært út kvíarnar í samkeppnisrekstri við einkarekna fjölmiðla á ýmsum sviðum.**

**FJÖLMIÐLAR** Stjórn RÚV mun hitta Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, á mánudaginn til að ræða samkeppnisrekstur félagsins og mögulega stofnun dótturfélaga um hann.

„Það eru misjafnar skoðanir á þessu máli. Við þurfum að átta okkur betur á þessu og hvað ráðherrann vill. Svo tökum við afstöðu til þess. Ég vona að hún vinni þetta í samvinnu við okkur. Þetta skýrist eftir fundinn á mánudaginn,“ segir Kári Jónasson, formaður stjórnar RÚV.

„Það sem haft var eftir ráðherra kom mörgum stjórnarmönnum í opna skjöldu. Ástæðan er sú að samkeppnisreksturinn hefur verið aðskilinn í bókum félagsins í á þriðja ár. Við töldum það vera samkvæmt bókinni.“

Lilja sagði nýverið að það væri brýnt að hrinda stofnun dótturfélaga um samkeppnisrekstur RÚV í framkvæmd. Stjórn RÚV og stjórnendur hafi verið að vinna í því og það væri stjórnarinnar að fylgja málinu eftir.

Samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið frá 2013 ber félaginu að stofna dótturfélög um samkeppnisrekstur sinn. Það ákvæði átti að taka gildi í ársbyrjun 2014 en var í sparnaðarskyni frestað til 2016. Gildistökunni var svo aftur frestað til byrjunar þessa árs með þeim rökum að meiri tíma þyrfti til undirbúnings.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, varaformaður stjórnar RÚV, segir að á síðasta kjörtímabili hafi verið athugun í gangi í ráðuneytinu um að breyta lögunum þannig að RÚV væri ekki skylt að stofna umrædd dótturfélög heldur væri félaginu það heimilt. Ekkert hafi hins vegar orðið úr þeim hugmyndum.

Hún segist hafa talað gegn stofnun dótturfélaga á sínum tíma en hún átti sæti á Alþingi þegar lögin voru samþykkt.

„Mér fannst að með því væri verið að bæta við báknið. RÚV gæti þannig fært út kvíarnar og stofnað dótturfélög um ýmislegt í samkeppni við einkarekna fjölmiðla. Ég er enn þeirrar skoðunar.“

Ragnheiður bendir á að samkeppnisrekstur RÚV hafi verið aðskilinn í bókhaldi félagsins og ársreikningi frá 2015. „Það er alveg í takt við ríkisstyrkjareglur ESA. Ég sem formaður stjórnar á þeim tíma taldi og tel enn að við séum að uppfylla það sem löggjafinn var að kalla eftir. Það þarf að þæla í því hver ætlunin var í upphafi.“ Umræðan snúist fyrst og fremst um stöðu RÚV á auglýsingamarkaði.



**Samkeppnisrekstur RÚV hefur verið aðskilinn frá almannaþjónustu í bókhaldi og ársreikningi félagsins síðan 2015.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Ef löggjafinn vill með einum eða öðrum hætti draga úr umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði, þarf hann einfaldlega að setja skýrari lög og reglur um það. Það er að mínu mati miklu heiðarlegri nálgun heldur en að heimila RÚV að stofna dótturfélög.“

Annað sem hafa þurfi í huga sé að með því að stofna dótturfélög þurfi að setja sérstakar stjórnir yfir þau með tilheyrandi kostnaði. „Þá er komin armslengd frá stjórn RÚV sem er kosin af Alþingi og ber ábyrgð ásamt stjórnendum félagsins á rekstrinum og þar með þessum dótturfélögum.“

sighvatur@frettabladid.is



Theó Sanson er hugaður með eindæmum enda fæstir sem létu hafa sig út í svona vitleysu.

# Á línu þeir djarfir dansa

Fréttablaðið fylgdist með Théo Sanson og félögum hans ganga berfættum á línu strengdri yfir Jökulsárgljúfur í gær. Þremenningarnir eru reyndir atvinnumenn og léku listir sínar við Dettifoss. Þrátt fyrir að athæfið virðist í besta falli glæfralegt þá voru þeir öllum stundum festir með öryggistaug við línuna. Garpur Elísabetarson tók meðfylgjandi myndir.







Öryggistaug hélt línudónsurunum föstum en þeir leyfðu sér að dingla yfir gljúfrinu.



Sanson sveif yfir beljandi jökulánni og fór margar ferðir fram og til baka.






# Efstaleitið snýst um þig

Í Efstaleitinu rís fallegt miðborgarhverfi með kaffihúsi, litlum verslunum og notalegum garði með leiksvæði. Kringlan og fleiri verslunar- og þjónustukjarnar borgarinnar eru í göngufæri og stutt er í margar af helstu útivistarperlum höfuðborgarsvæðisins, Fossvogsdal, Öskjuhlíð og Nauthólsvík.

**Viltu eignast glæsilega íbúð í nýju og nútímalegu íbúðahverfi á frábærum stað í Reykjavík? Áætluð afhending fyrstu íbúða í Efstaleiti og Lágaleiti er í apríl 2019.**

Nánari upplýsingar um íbúðirnar á **efstaleitid.is**





**Íbúðirnar eru glæsilega innréttaðar.**
Rut Káradóttir innanhússarkitekt sá um að velja efni og liti á innréttingum og flísum.

SKUGGI

EFSTALEITIÐ

# Kortaþjónustan segir upp meira en tug starfsmanna

**VIÐSKIPTI** Kortaþjónustan hefur sagt upp meira en tug starfsmanna eða um fimmtungi starfsmanna fyrirtækisins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Björgvin Skúli Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kortaþjónustunnar, vildi ekki staðfesta uppsagnirnar í samtali við Fréttablaðið.

„Kortaþjónustan var í mikilli sókn á erlenda markaði og því fylgdi verulegur rekstrar- og hugbúnaðarkostnaður. Við höfum ákveðið að rifa seglin í útrásinni en einbeita okkur aftur að greiðsluþjónustu fyrir íslensk fyrirtæki. Það kunnum við best og með aðhaldi í kostnaði getum við áfram boðið hagstæðustu kjörin í færsluhirðingu á Íslandi,“ segir Björgvin Skúli sem tók við starfi framkvæmdastjóra í janúar.

> **Við höfum ákveðið að rifa seglin í útrásinni en einbeita okkur aftur að greiðsluþjónustu fyrir íslensk fyrirtæki.**
>
> Björgvin Skúli Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kortaþjónustunnar



Kortaþjónustan hefur vaxið hratt á umliðnum árum. Til að mynda nánast tvöfölduðust tekjurnar á milli áranna 2016 og 2017 og námu 4,5 milljörðum króna í fyrra. Sama ár var fyrirtækið rekið með 1,6 milljarða króna tapi. Kortaþjónustan stóð frammi fyrir alvarlegum fjárhagsvanda í kjölfar greiðslustöðvunar breska flugfélagsins Monarch síðasta haust. Íslenska félagið var á meðal átta félaga sem sáu um færsluhirðingu fyrir Monarch. Það var í ábyrgðum vegna greiðslna fyrir flugferðir sem aldrei voru farnar.

Kvika banki og hópur einkafjárfesta keyptu Kortaþjónustuna á eina krónu í fyrra og lögðu félaginu um leið til nærri 1,5 milljarða króna í nýtt hlutafé. Á meðal fjárfesta eru hjónin Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Guðmundur Örn Þórðarson, stórir hluthafar í Kviku og VÍS, bræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir og Sigurður Bollason. **– hvj**



**Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, er ósátt.**

# Samtrygging fjórflokksins stórfurðuleg

**SVEITARSTJÓRNIR** Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, gagnrýnir hvernig skipað er í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga en landsþing flokksins fer nú fram á Akureyri. Hún segir reglur sambandsins tryggja ítök gömlu valdaflokkanna á kostnað hinna.

„Fráfarandi stjórn skipar valnefnd sem kemur með tillögu um næstu stjórn. Þar er staðinn vörður um fjórflokkinn með mælikvörðum sem sambandið sjálft setur sér. Það tekur ekki tillit til nýrra framboða sem er fjórði stærsti flokkurinn og vann stórsigur í síðustu kosningum,“ segir Vigdís. „Það var gerð tillaga um það að stjórn Sambands sveitarfélaga yrði skipuð fjórflokknum með því skrýtna afbrigði að Reykjavíkurborg hefur frjálst val um þrjá fulltrúa. Það er ekki tekið tillit til nýrra framboða eða óháðra.“

Í dag verður ellefu manna stjórn kosin auk þess sem Sjálfstæðisfólkið Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, og Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, bjóða sig fram til formanns. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins virðast Sjálfstæðismenn ekki hafa komið sér saman um nýjan formann en þeir eru langstærsti flokkurinn á þinginu.

Vigdís segir stjórnarkjörið sýna samtryggingu fjórflokksins. „Tillaga að nýrri stjórn sambandsins endurspeglar ekki úrslit sveitarstjórnarkosninga og það er stórfurðulegt,“ segir Vigdís.

„Ég var á þingi og varð aldrei vitni að svona vinnubrögðum. Hér ríkir ekkert lýðræði eins og menn tala fjálglega um á tyllidögum.“ **– sa**


FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning**. Það kostar ekkert.


# Jafnlaunavottun fyrirtækja líklega frestað um 12 mánuði

**Jafnlaunavottun fyrirtækja, sem á að taka gildi um áramótin, verður að öllum líkindum frestað um eitt ár til að gefa fyrirtækjum ráðrúm til að klára sín mál. Jafnréttisstofa hefur ekkert eftirlitshlutverk með jafnlaunavottun fyrirtækja. Eftirlitið í höndum aðila vinnumarkaðar.**




**Um áramótin flytjast jafnréttismál frá velferðarráðuneytinu til forsætisráðuneytisins.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**JAFNRÉTTI** Vinna er hafin í ráðuneytinu til að gefa fyrirtækjum aukinn frest til að klára jafnlaunavottun sem átti að lögfestast um áramótin og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru miklar líkur taldar á því að velferðarráðherra heimili að fresta gildistökunni um heilt ár. Aðeins 11 prósent þeirra 140 fyrirtækja sem verða að vera búin að uppfylla jafnlaunastaðalinn, hafa uppfyllt hann nú þegar. Nærri 130 stór fyrirtæki hér á landi muni ekki klára jafnlaunavottunina fyrir áramót.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir mikilvægast að langflest stóru fyrirtækjanna séu í ferli við að klára jafnlaunavottunina. Hins vegar séu aðeins tvö fyrirtæki sem sinni faggildingunni eins og staðan er í dag og því ærið verkefni að öll fyrirtæki fái jafnlaunavottun fyrir áramót. „Við vöruðum við því á sínum tíma að þetta væri tímafrekt og flókið ferli sem fyrirtækin þurfi að fara í til að uppfylla jafnlaunavottunina. Sú spá okkar er að raungerast nú. Hins vegar skiptir mestu máli að stóru



**Halldór Benjamín Þorbergsson.**

fyrirtækin eru öll annaðhvort búin að fá jafnlaunavottun eða eru í vinnu við það að uppfylla staðalinn,“ segir Halldór Benjamín.

Jafnréttisstofa hefur þá lagalegu skyldu í lögum um jafna stöðu karla og kvenna að hafa eftirlit með framkvæmd jafnréttislaga. Hins vegar virðist svo vera að stofnunin hafi ekki eftirlit með framkvæmd jafnlaunavottunar.

„Við höfum ekki eftirlit með jafnlaunavottuninni. Það eru samtök aðila vinnumarkaðarins sem fengu það verkefni. Við tökum við þegar fyrirtæki hafa öðlast vottun, þá veitum við fyrirtækjum heimild til að nota jafnlaunamerkið og höldum lista yfir þau fyrirtæki sem hafa öðlast þessa vottun samkvæmt jafnréttislögum,“ segir Katrín Björg Ríkarðsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu.

Nokkra mánuði tekur fyrir stór fyrirtæki að fá jafnlaunavottunina og því orðið ljóst nú í lok september að stór fyrirtæki hér á landi verði ekki búin að uppfylla þessar lagalegu skyldur í upphafi nýs árs. Katrín Björg segir að nú sé unnið að því innan stjórnsýslunnar að gefa þessum fyrirtækjum frest. „Það er vinna í gangi í velferðarráðuneytinu núna sem snýst um að fresta gildistökunni um ár að uppfylltum ákveðnum skilyrðum til að gera fyrirtækjum kleift að fá jafnlaunavottun innan tilskilins tíma.“

**sveinn@frettabladid.is**





**JEEP® COMPASS LIMITED**
**JEEP® 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.**
**VERÐ FRÁ 5.490.000 KR. ÖRFÁIR SÝNINGARBÍLAR MEÐ 500.000 KR. AFSLÆTTI.**

**EINI JEPPINN Í ÞESSUM STÆRÐARFLOKKI SEM BÝÐUR UPP Á LÁGT DRIF.**
Jeep® Compass er útbúinn með alvöru fjórhjóladrifi: Jeep® Active Drive, sem gerir ökumanni kleift að velja um fjórar drifstillingar sem taka mið af akstursundirlagi hverju sinni, Auto, Snow, Sand og Mud ásamt því að læsa milli fram- og afturdrifs í Limited og til viðbótar í Trailhawk er fimmta stillingin Rock ásamt lágu drifi. 2.0 lítra dísel 140 hö. eða 170 hö. og 170 hö. bensínvél. 9 gíra sjálfskipting.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep
THERE'S ONLY ONE




## Suzuki Baleno hefur mesta innra- og farangursrými í sínum flokki.

Suzuki Baleno er sérlega vel hannaður og glæsilegur bíll, jafnt utan sem innan.
Komdu í heimsókn og kynntu þér Suzuki Baleno.
- láttu fara vel um þig.

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki Baleno er fáanlegur með Hybrid-búnaði sem gerir 1.2l Dualjet mótorinn enn kraftmeiri og neyslugrennri.

*Það er alltaf Suzuki veður!*

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



**Erla sat í á fremsta bekk þegar dómur var kveðinn upp í Hæstarétti í gær. Dómurinn er henni gleðiefni enda staðfestir hann að framburðir hennar voru ómarktækir.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Erla enn með ábyrgðina á herðum sér

**Erla Bolladóttir á enn eftir að fá mannorð sitt hreinsað. Tilfinningarnar eru blendnar eftir sýknudóm í gær. Hún vonast enn til að Hæstiréttur gangi lengra, lýsi sakleysi þeirra yfir og gangist við því sem gerðist.**

**DÓMSMÁL** „Ég gekk með það svo lengi í maganum að þetta væri allt mér að kenna og það er svo erfitt núna að mín sakfelling er það sem stendur eftir. Eins og allt sé mér að kenna,“ segir Erla Bolladóttir sem enn situr uppi með sakfellingardóm eftir að sýknað hefur verið í manndrápsmálunum báðum.

Hún segist bæði meyr og glöð en um leið full af sársauka. „Með sýknu í málinu er verið að lýsa framburð minn ómarktækan. Það eru frábærar fréttir og ekki síst fyrir mitt mál sem er enn óútkljáð því það byggir líka á því að ekkert hafi verið að marka minn framburð sem þvingaður var fram. Enda algerlega fáránlegt, nú þegar búið er að sýkna af Geirfinnsmálinu, að við höfum haft samantekin ráð um að koma sökum á aðra menn, ef spjótin beindust að okkur.“

Erla undirbýr nú mál til ógildingar á úrskurði endurupptökunefndar sem synjaði henni um endurupptöku.

„Mín óskaniðurstaða væri að Hæstiréttur kæmist að þeirri niðurstöðu og lýsti því með rökstuðningi að ekki verði annað séð en að lög hafi verið þverbrotin í gegnum alla rannsóknina og þar sem allir sakborningar hafi verið þvingaðir til að veita sína framburði og harma að það skyldi hafa gerst,“ segir Erla aðspurð um hvað þurfi að hennar mati til að loka megi málinu endanlega.

„Ég hefði viljað fá viðurkenningu réttarins á því að þetta mál sé mikill harmur í réttarsögu okkar og að rétturinn biðji alla sakborninga og aðra sem liðið hafa vegna þessa og þjóðina eins og hún leggur sig fyrirgefningar á þessu máli, sem hefur valdið bæði svo miklu vantrausti og reiði í samfélaginu. Og ég vil að því verði lofað að framvegis verði allrar varúðar gætt varðandi réttindi þeirra sem ákærðir eru,“ segir Erla.

Hún segist oft fá símtöl og skilaboð frá fólki sem brotið hefur verið á í refsivörslukerfinu og vill að málið eigi að vera öllu kerfinu víti til varnaðar. „En til þess þarf einhver að segja upphátt það sem allir hugsa.“

Erla segist enn vera að læra og uppgötva nýja hluti um málið því mikið hafi komið fram af nýjum gögnum. Eins og dagbækurnar í Síðumúla. Hún nefnir sem dæmi að mjög sterk rök séu leidd að því hver hafi fyrst bent á Kristján Viðar og Sævar í tengslum við hvarf Guðmundar og þannig orðið til þess að allt málið fór af stað. „Hann hefur viðurkennt í skýrslu sem var tekin árin 2016 að hafa alltaf verið að ljúga í lögguna á þessum tíma. Myndu það ekki flokkast sem rangar sakargiftir?“ spyr Erla.

Erla átti gott samband við Sævar síðustu árin hans. „Við sátum oft í hjólageymslunni heima og rifjuðum upp gamlar minningar og stundum hlógum við svo mikið að fáránleika málsins að við bókstaflega grétum af hlátri,“ segir Erla. Hún segir að þótt málið hafi alltaf verið jafn stórt fyrir Sævari, þá hafi hann sjálfur orðið mildari með tímanum.

Erla hefur líka ágætt samband við Kristján Viðar Júlíusson. „Hann er ánægður með að ég standi í öllu saman því þá getur hann lifað eins og hann vill, í hvarfi frá almenningi. Ég ann honum þess.“ **-aá.**



**Erla ræðir við Davíð Þór Björgvinsson saksóknara.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Guðjón hefur enn ekki jafnað sig að fullu

Guðjón Skarphéðinsson, sem var sýknaður í gær af því að hafa átt þátt í að hafa orðið Geirfinni að bana, er ánægður með að niðurstaða sé loksins komin í málið þótt langan tíma hafi tekið að fá hana.

„Nei, það hef ég nú ekki. Ekki algerlega,“ segir Guðjón, inntur eftir því hvort hann hafi jafnað sig eftir einangrunarvistina og þær þjáningar sem málið hefur valdið honum.

Það var niðurstaða starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál að játningar Guðjóns í málinu væru falskar. Hann segir minnið enn valda sér erfiðleikum þótt það gerist æ sjaldnar. „Því skýtur enn upp í hausnum á mér stundum og þá svolítið eins og vondum draum,“ segir Guðjón en bætir við að það gerist sem betur fer æ sjaldnar. Hann segir að þá komi upp ruglingur í huganum og hann geti ekki verið alveg viss. „Máske hafi þetta gerst allt sisona, eins og því var lýst þarna 1980, en um leið eru engar sannanir fyrir því að þetta hafi gerst á annað borð að þá get ég slegið því frá mér.“ Hann segir minnisvafann líka hanga saman við að málið hafði hvorki neitt upphaf né endi á sínum tíma. „Því var haldið fast að okkur hvernig þetta væri í raun og veru. Og þá förum við sum hver að hallast að því að þetta væri svona í raun og veru.“

Áminntur um nýfengna sýknu segir Guðjón að nú hafi lagalega hliðin vissulega tekið enda, þótt einhver vafastykki geti skotið upp kollinum annað slagið.

## Enn sekur um þjófnað á veski Geirfinns

Sakfelling Kristjáns Viðars Júlíussonar fyrir þjófnað á veski og penna af líki Geirfinns stendur enn. Samkvæmt dóminum 1980 stal hann þessum munum eftir að hafa flutt lík Geirfinns í félagi við samverkamenn sína frá Keflavík og að Grettisgötu 82. Í málflutningi fyrr í mánuðinum vakti Davíð Þór Björgvinsson saksóknari athygli á því að krafa hans um sýknu byggðist á því að ekki væri nægilega sannað að sú atburðarás sem byggt var á í málinu hefði átt sér stað. Sá sönnunarskortur eigi þá einnig að leiða til þess að þjófnaðarbrot Kristjáns Viðars sé ósannað. Hæstiréttur tók hins vegar ekki af skarið með þetta brot Kristjáns og sakfelling hans fyrir þjófnað á veski Geirfinns stendur því enn.



Máli Erlu Bolladóttur er hvergi nærri lokið.



# Tilfinningar í Hæstarétti



Aðstandendur og afkomendur hinna sýknuðu í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum féllust í faðma.



Ragnar Aðalsteinsson lögmaður var hugsi.








DACIA
Nýr Dacia Duster
Duster
Gerðu virkilega góð kaup!
Fjórhjóladrifinn Dacia Duster
Verð frá:
3.690.000 kr.
Staðalbúnaður í Comfort útgáfu er meðal annars: 16" álfelgur, leiðsögukerfi með Íslandskorti, þokuljós, miðstöð með loftkælingu, brekkuhemlun (eingöngu í 4x4), hraðastillir með hraðatakmörkun, fjarlægðarskynjarar að aftan, neyðarhemlunarhjálp, start/stopp búnaður, skyggðar rúður að aftan, hiti í framsætum.
Aukalega í Prestige útgáfu: 17" álfelgur, Multiview 360° myndavélakerfi, sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, lykillaust aðgengi, leðuráklæði á sætum.
ENNEMM / SÍA / NM90131
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# Tíu ár frá komu Android-síma á markað

Stýrikerfi Google fyrir farsíma er orðið það vinsælasta í heiminum en fyrsti síminn með stýrikerfinu fékk dræmar viðtökur gagnrýnenda. Microsoft reyndi að taka slaginn við Google en mistókst. Margt hefur breyst á undanförnum áratug og framtíðin virðist björt.

**TÆKNI** Nú í september er liðinn áratugur frá því HTC T-Mobile G1, betur þekktur sem HTC Dream, kom á markað. Þessi frumstæði snjallsími var sá fyrsti sem studdist við Android, stýrikerfi Google fyrir snjalltæki, og markaði tímamót í tæknisögunni. Fréttablaðið leit yfir sögu Android og hvað framtíðin gæti borið í skauti sér.

Árið var 2008. Snjallsími Apple, iPhone, hafði verið á markaði í rúmt ár en flestir notuðu enn takkasíma. HTC Dream var frábrugðinn þeim snjallsímum sem við þekkjum í dag. Hann var lítill, var með fimm tökkum framan á, nokkurs konar mús og svo útdraganlegu lyklaborði. Gagnrýnendur tóku honum almennt illa en þrátt fyrir það seldist hann í rúmri milljón eintaka á fyrstu mánuðunum.

Stýrikerfið var nærri óþekkjanlegt miðað við það sem við þekkjum í dag. Það var einfalt og hægvirkt, enda á síma sem bjó aðeins yfir litlu brotabroti af því afli sem símar dagsins í dag hafa að geyma. Hins vegar bjó það yfir hinu mikilvæga forriti Android Market, nú þekktu sem Google Play Store. Með alla app-möguleika þess og sölutólurnar í huga sáu aðrir símaframleiðendur sér leik á borði.

Motorola gaf út Droid, Samsung gaf út Moment og síðar Galaxy-línuna og fyrirtæki á borð við Dell og LG slógust í hópinn.

Microsoft ætlaði hins vegar ekki að sitja eftir. Bandaríski risinn gaf út Windows Mobile og var HTC einnig fyrsta fyrirtækið sem framleiddi slíkan síma. Síðar átti Microsoft eftir að fara í samstarf við og svo gleypa Nokia, sem fór reyndar illa út úr ævintýrinu og framleiðir nú Android-síma. Einfalda ástæðan fyrir því að Microsoft mistókst ætlunarverk sitt er sú að fyrirtækið lenti einfaldlega í vítahring. Google neitaði að aðlaga öpp á borð við YouTube og Gmail að stýrikerfinu og önnur fyrirtæki nenntu ekki að þróa öpp fyrir stýrikerfið vegna lítils notendahóps. Það leiddi til þess að neytendur vildu símana ekki og svo hring eftir hring.

Vinsældir Android fóru hins vegar vaxandi og tæpum fjórum árum eftir útgáfu stýrikerfisins fór það fram úr iOS, stýrikerfi Apple, og Symbian OS, sem símar til dæmis Nokia og Sony Ericsson keyrðu á, og varð það stærsta á símamarkaði. Þeirri stöðu hefur Android haldið síðan og hefur bilið bara breikkað. Markaðshlutdeild Android nú, samkvæmt GlobalStats, er 77 prósent. iOS hefur 20,5 prósent. Android varð sömuleiðis vinsælasta stýrikerfi heims, sé horft til bæði tölva og snjalltækja, á síðasta ári og hefur haldið þeirri stöðu síðan.

Stór hluti af þessum vexti Android hefur verið í til dæmis Kína og Indlandi. Þar áttu fæstir snjallsíma. Fjölbreytt framboð Android-síma, sem fá má á mun lægra verði en iPhone, hefur leitt til þess að Google hefur eignað sér Austurlönd.

Google hefur lengi framleitt eigin síma. Fyrst Nexus-línuna í samstarfi við HTC, svo Samsung, LG, Motorola, Huawei og loks LG á ný. En árið 2013 hóf Google útgáfu Pixel-símanna undir eigin vörumerki. Allir þessir símar eru hugsaðir til þess að sýna hreina útgáfu Android, öfugt við þær útgáfur sem finnast í flestum öðrum símum en algengast er að framleiðendur á borð við Samsung taki sinn snúning á stýrikerfinu.

En það er trúlega vöxtur Android út fyrir ferhyrndan ramma símans sem geymir bestar vísbendingar um framtíðina. Á undanförnum misserum hefur Google aðlagað Android ekki bara snjallúrum og spjaldtölvum heldur líka leikjatölvum, netbeinum, prenturum, vekjaraklukkum, kaffivélum, ísskápum og jafnvel speglum.

„Internet hlutanna“ eða „snjallheimilið“ eru frasar sem hafa skotið upp kollinum á síðustu árum og ganga meðal annars út á að hægt sé að tengja allt heimilið við símann í gegnum til dæmis Bluetooth eða þráðlausa nettengingu.

Þá er einnig vert að taka fram tilvist Fuschia, dularfulls verkefnis sem Google hefur unnið að frá því að minnsta kosti í fyrra. Google hefur lýst Fuschia sem nýju stýrikerfi, hönnuðu fyrir tölvur og síma. Verkefnið er hugsað sem arftaki Android, raunar sameining Android og Chrome OS, stýrikerfisins sem Google hefur hannað fyrir einfaldar fartölvur. **thorgnyr@frettabladid.is**



HTC Dream



Samsung Galaxy S



Google Pixel 2



Motorola Moto360

**77%**

**er markaðshlutdeild Android á snjallsímamarkaði.**

**» Ekkert stýrikerfi hefur meiri markaðshlutdeild en Android hefur nú.**


## Álagningu opinberra gjalda á lögaðila árið 2018 er lokið

**Álagningarseðlar** eru nú aðgengilegir á þjónustuvef ríkisskattstjóra á rsk.is og skattur.is.

**Álagningarskrár** fyrir hvert sveitarfélag liggja frammi á viðkomandi starfsstöðvum ríkisskattstjóra eða sérstaklega auglýstum stöðum dagana 28. september til 12. október 2018 að báðum dögum meðtöldum.

**Kærufresti** vegna álagningar þeirra skatta og gjalda, sem álagning þessi tekur til, lýkur föstudaginn 28. desember 2018.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt 98. gr. laga nr. 90/2003.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | rsk@rsk.is | 442 1000 Þjónustuver opið: Mán.-fim. 9:00-15:30 Fös. 9:00-14:0 | 2018

Nánari upplýsingar á rsk.is




Þessi mynd er tekin af A1 á yfirborði smástirnisins Ryugu. MYND/JAXA

# Klettótt auðn á yfirborði smástirnisins Ryugu

**GEIMVÍSINDI** Japanska geimferðastofnunin (JAXA) hefur birt einstakar myndir sem könnunarför stofnunarinnar tóku af yfirborði smástirnisins Ryugu. Á myndunum, sem eru með þeim fyrstu sem mannkyn hefur tekið af yfirborði smástirnis, blasir við hrjúf og klettótt auðn.

Könnunarförin lentu á Ryugu í síðustu viku eftir þriggja og hálfs árs ferðalag um borð í móðurskipi sínu, geimfarinu Hayabusa 2. JAXA hefur nú staðfest að bæði förin, vélmennin A1 og 1B, eru starfhæf eftir þann hamagang sem var í lendingunni.

Smástirnið er 900 metra breitt og tilheyrir flokki smástirna sem eiga rætur að rekja til árdaga sólkerfisins.

A1 og 1B munu mæla hitastig smástirnisins ásamt því að taka ítarlegar myndir af yfirborði þess. Hönnun faranna þykir einkar athyglisverð. Þau eru í kringum eitt kíló að þyngd og ferðast milli staða með því að hoppa en til þess nýta þau máttlítið þyngdarafl smástirnisins.

Ryugu er á sporbraut um Sólina og er í um 140 til 210 milljóna kílómetra fjarlægð frá Jörðinni. Það tekur smástirnið 16 mánuði að hringa Sólina. **– khn**


Verið velkomin á ljósmyndasýningu
Bleiku slaufunnar í Kringlunni
Ljósmyndasýningin BLEIK byggir á persónulegum sögum tólf kvenna sem hafa greinst með brjósta- eða leghálskrabbamein.
BLEIKA SLAUFAN
Skimun skiptir sköpum
Kaupum Bleiku slaufuna og styðjum starf Krabbameinsfélagsins með sérstakri áherslu á krabbamein hjá konum og hvatningu til þátttöku í skimun.
Krabbameinsfélagið
Ljósmynd: Ásta Kristjánsdóttir

# Miklar tilfinningar í öldungadeildinni

**Brett Kavanaugh og Christine Blasey Ford mættu fyrir dómsmálanefnd í gær til að svara spurningum um meint kynferðisbrot Kavanaughs á Ford.**

**BANDARÍKIN** Brett Kavanaugh, sem Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur tilnefnt til hæstaréttar Bandaríkjanna, mætti fyrir öldungadeild þingsins í gær. Það gerði Christine Blasey Ford sálfræðiprófessor, sem hefur sakað Kavanaugh um að hafa beitt sig kynferðisofbeldi í júlí 1982, einnig.

Ford mætti fyrst fyrir nefndina. Repúblikanar í nefndinni, sem allir eru karlkyns, fengu hins vegar til liðs við sig Rachel Mitchell, saksóknara sem hefur í rúman aldarfjórðung farið með kynferðisbrotamál í Arizona, og spurði hún spurninga fyrir hönd þeirra allra.

Í ávarpi sínu áður en þingmenn tóku til máls sagði Ford frá hinu meinta broti. Hún sagði Kavanaugh og félaga hans, Mike Judge, hafa brotið á sér í partíi. Þá hafi Kavanaugh lagst ofan á hana og reynt að klæða hana úr fötunum. Hún hafi svo náð að flýja undan Kavanaugh.

Með spurningum sínum leitaðist saksóknarinn Mitchell einna helst við að fá þeirri spurningu svarað hvort Demókratar hefðu stýrt Ford að einhverju leyti. Svo virtist ekki vera af svörum Ford.



Brett Kavanaugh og Christine Blasey Ford mættu bæði fyrir öldungadeild Bandaríkjaþings í gær. NORDICPHOTOS/AFP

> **Ford sagðist fullviss en Kavanaugh neitaði ásökunum hennar alfarið.**

Demókratar vörðu stórum hluta síns tíma í að lofa Ford fyrir hugrekki sitt og styrk, en sjá mátti hversu átakanlegt henni þótti að koma fyrir nefndina og rifja málið upp. Þá fjölluðu þeir einnig um að þeir væru ósáttir við að Repúblikanar hefðu ekki skipað alríkislögreglunni að rannsaka málið.

Einna eftirtektarverðust var spurning Demókratans Dicks Durbin sem spurði Ford nákvæmlega hversu viss hún væri um að það hefði verið Brett Kavanaugh sem réðst á hana. Ford svaraði: „Hundrað prósent.“

Kavanaugh var sömuleiðis í tilfinningalegu uppnámi og heyrðist það greinilega í opnunarávarpi hans. Hann sagði að Demókratar í nefndinni hefðu gert sitt besta til þess að eyðileggja orðstír hans, kallað hann illan og sagt að tilnefning hans ógnaði milljónum mannslífa. Þegar það hafi ekki gengið hafi Demókratar dregið fram áratugagamlar ásakanir.

Aukinheldur hafnaði Kavanaugh því alfarið að hafa nokkurn tímann brotið gegn Ford né nokkurri annarri konu. Þá fjallaði hann um dagatöl sem hann hélt sumarið 1982, og hefur raunar gert alla tíð síðan og í nokkur ár fyrir það. Sagði þau ekki sýna neinn gleðskap sem þau Ford hafi mætt saman í.

Kavanaugh benti einnig á að þeir þrír aðilar sem Ford sagði að hefðu verið á staðnum auk þeirra tveggja hefðu allir hafnað því að muna eftir gleðskapnum og meintu broti. Þar á meðal vinkona Ford, Leland Keyser, og fyrrnefndur Mike Judge. Ekkert þeirra var kallað fyrir nefndina.

Mitchell spurði einnig Kavanaugh fyrir hönd einhverra Repúblikana og fór með honum yfir meint málsatvik. Lindsey Graham var einn þeirra Repúblikana sem tóku sjálfir til máls og var hann foxillur. Sagði Demókrata svo valdagráðuga að þeir hefðu sett á svið farsa til að tortíma lífi Kavanaughs og koma í veg fyrir að Trump fengi sinn mann í hæstarétt. Yfirheyrslunni var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun og því ekki ljóst hvort fleiri Repúblikanar tóku til máls.

Demókratar héldu áfram að biðja um að alríkislögreglan rannsakaði málið og báðu Kavanaugh um að setja fram sömu kröfu. Það gerði hann ekki en sagðist þó samþykkur hverju því sem nefndin vildi.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun var enn á dagskrá nefndarinnar að greiða atkvæði um tilnefningu Kavanaughs í dag. Óljóst er hvort tilnefndi njóti stuðnings meirihluta þingmanna. **thorgnyr@frettabladid.is**


# Bridge gerir lífið skemmtilegra

Bridgefélög og klúbbar eru starfræktir um allt land – upplýsingar á bridge.is



Bridge sameinar aldurshópana • Bridge er gott fyrir heilsu þína • Bridge er manns gaman

Stórmót í Bridge
*Reykjavík Bridgefestival*
fer fram í Hörpu
31. janúar–3. febrúar 2019,
skráning á bridge@bridge.is

**Eldri borgarar spila alla mánudaga og fimmtudaga kl. 13–17 í Síðumúla 37**

„Bridge er fyrir alla“

## Viltu læra bridge?

Bridgesambandið getur útvegað leiðbeinendur fyrir hópa, fyrirtæki og skóla. Guðmundur Páll starfrækir Bridgeskólann, þar geta þeir lært bridge sem eru að stíga sín fyrstu skref í bridge og einnig þeir sem vilja bæta við kunnáttu sína.

Námskeið í Bridgeskólanum hefjast 1. og 3. október.
**Allir undir 25 ára aldri fá frítt á byrjendanámskeið.**
Upplýsingar hjá Guðmundi Páli Arnarsyni
í síma 8985427 eða á gpa@simnet.is



„Flestir sem læra og spila bridge ná árangri í lífinu“.

*Bill Gates stofnandi Microsoft, spilar bridge 2-3 tíma flesta daga*

Bridgesamband Íslands – Síðumúla 37 – 108 Reykjavík – sími 587 9360 – www.bridge.is

# LAGERSALA LÍN DESIGN

LAGERSALAN ER Í AUÐBREKKU 1, KÓPAVOGI

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

LAUGARDAG OG SUNNUDAG KL11.00-16.00

MÁNUDAG OG ÞRIÐJUDAG KL14.00-18.00

Lín DESIGN

FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

# Eftiráspeki



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Tíu árum eftir fall bankanna er einn stærsti vandi bankakerfisins enn sem fyrr mikið vantraust í garð þess. Nýjustu mælingar sýna að aðeins tæplega fimmtungur almennings ber mikið traust til fjármálakerfisins. Birtingarmynd þessarar stöðu er með ýmsum hætti. Því hefur þannig verið haldið fram að Arion banki og íslenskir lífeyrissjóðir hafi orðið af mörgum milljörðum – jafnvel verið sviknir – þegar félag í þeirra eigu seldi 46 prósenta hlut í Bakkavör í ársbyrjun 2016 fyrir samtals um 27 milljarða. Kaupendur voru Bakkavararbræður og vogunarsjóðurinn Baupost sem skráðu félagið í kjölfarið á hlutabréfamarkað tuttugu mánuðum síðar og hafði virði þess þá nærri þrefaldast.

Frá því var greint í Markaðnum í vikunni, byggt á minnisblaði Bankasýslunnar, að stofnunin hefði krafist þess í desember að innri endurskoðanda Arion banka yrði falið að gera formlega athugun á sölu bankans á hlut sínum í Bakkavör. Meirihluti stjórnar hafnaði þeirri tillögu. Bendir Bankasýslan á að ríkissjóður hafi farið á mis við um 2,6 milljarða ef verðmæti hlutarins sem bankinn seldi í janúar 2016 hefði verið það sama og það var við hlutafjárútboð Bakkavarar í nóvember 2017. Þá hafi ekki verið „ljóst hversu opið ferlið var“, að sögn Bankasýslunnar, og því „vakni upp sömu spurningar og í Borgunarmálinu“, segir í minnisblaðinu.

Þótt það sé eðlilegt að Bankasýslan kalli eftir upplýsingum um söluna, einkum til að tryggja að hún hafi verið í samræmi við eigendastefnu ríkisins, þá virðist samanburður við Borgunarmálið í besta falli vera langsóttur. Stærstu mistök stjórnenda Landsbankans voru ekki endilega þau að hafa ekki boðið út 31 prósents hlut sinn í Borgun í opnu söluferli, enda þótt slíkt fyrirkomulag hefði verið heppilegra, heldur fremur að hafa yfirsést þau miklu verðmæti sem myndu fyrirsjáanlega falla í skaut Borgunar við kaup Visa Inc. á Visa Europe. Það fúsk kostaði bankann háar fjárhæðir. Sömu sjónarmið eiga tæpast við í tilfelli sölunnar í Bakkavör.

Arion banki og lífeyrissjóðirnir voru í aðþrengdri stöðu þegar ákveðið var 2015 að fá Barclays til að sjá um söluna. Bankinn var undir þrýstingi frá FME um að selja sem fyrst eignarhluti sína í óskyldum rekstri og sá möguleiki að ætla að bíða og losa um hlutinn við skráningu á markað var með öllu óraunhæfur. Bakkavararbræður voru óneitanlega í yfirburðastöðu gagnvart öðrum fjárfestum þegar söluferlið hófst, bæði vegna sérstakra skilmála í hluthafasamkomulagi félagsins og þá þekktu fáir betur til reksturs Bakkavarar, og því kom það engum á óvart að þeir áttu hæsta skuldbindandi tilboðið á meðal þeirra sem bitust um hlutinn og tryggðu sér þannig yfirráð í fyrirtækinu. Í kjölfarið var hlutafé Bakkavarar aukið og skuldir lækkaðar umtalsvert. Þær ráðstafanir réðu hvað mestu um að afkoman batnaði til muna og þá um leið hækkaði virði félagsins verulega.

Var verðið of lágt sem Arion banki og lífeyrissjóðirnir fengu fyrir hlut sinn í Bakkavör? Um það er ómögulegt að fullyrða. Fyrir liggur þó að sumir fjárfestar, meðal annars LSR, tóku þá ákvörðun þremur árum áður – sem reyndist eftir á að hyggja röng – að selja í Bakkavör á verði sem var aðeins um fimmtungur af því sem Arion fékk í sinn hlut. En það voru ekki einungis Íslendingar sem seldu hluti sína til Bakkavararbræðra í ársbyrjun 2016 heldur einnig sjóðurinn Davidson Kempner. Er líklegt að vogunarsjóður á Wall Street hafi leyft þeim bræðrum að snúða sig í slíkum viðskiptum? Það væri þá að minnsta kosti saga til næsta bæjar.

**Er líklegt að vogunarsjóður á Wall Street hafi leyft þeim bræðrum að snúða sig í slíkum viðskiptum?**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Vont réttlæti**

**Sýknudómi hæstaréttar yfir fimm sakborningum í Geirfinns- og Guðmundarmálum var víða fagnað með blendnum hug í gær og segja má að „of lítið of seint“ hafi gengið sem rauður þráður í gegnum Facebook-færslur fólks sem fylgst hefur með málinu í fjóra áratugi. Þannig sagðist Hrafn Jökulsson hafa alist upp með Geirfinnsmálinu. Hrafn segir löngu hafa verið búið að dæma „Sævar og þau hin“ sek áður en Hæstiréttur „fullkomnaði dómsmorðið 1980“. Nú 44 árum síðar viðurkenni rétturinn svo að þetta hafi verið svindl en „Sævar var ekki í Hæstarétti í dag. Sævar er dáinn. Hann var rændur lífi sínu af heimskum löggum, meðvirkum blaðamönnum, ömurlegum dómurum og dómhörðum almenningi.“**

**Slappur hæstiréttur**

**Eva Hauksdóttir skefur heldur hvergi af í gagnrýni sinni á dóminn. „Óttalega slappur Hæstiréttur að útskýra ekki einu sinni forsendur dómsins almennilega,“ skrifar hún og bætir við að lágmark hefði verið að rétturinn sýndi „þann manndóm að lýsa yfir sakleysi“. Hún bendir á að nú séu þó að minnsta kosti komnar nýjar forsendur til þess að fara fram á endurupptöku þess hluta er lýtur að röngum sakargiftum í tilfellum fleira fólks sem reynt var að klína sökinni á.**

thorarinn@frettabladid.is

# Sveitarstjórnarstigið til framtíðar



Sigurður Ingi Jóhannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Sveitarstjórnarfólk um allt land er í óðaönn að leggja línur fyrir starfsemi síns sveitarfélags á yfirstandandi kjörtímabili. Næstu fjögur ár verða notuð til að búa í haginn og styrkja þjónustu við íbúana, skapa grundvöll fyrir bætt lífsskilyrði og búsetu hvar sem er á landinu. Takast á við gamlar sem nýjar áskoranir.

Og þessar áskoranir eru margar og sumar flóknar. Íbúar gera eðlilega kröfu um góða þjónustu og gott mannlíf. Rafræn stjórnsýsla ryður sér til rúms og fjórða iðnbyltingin er hafin – fer á ógnarhraða þar sem gervigreind, sjálfkeyrandi bílar, drónar verða brátt hluti af daglegu lífi. Þá leggur ný löggjöf auknar kröfur á stjórnsýslu sveitarfélaga, eins og ný sveitarstjórnarlög, upplýsingalög og nú síðast lög um persónuvernd.

Á sama tíma stöndum við frammi fyrir því að mörg sveitarfélög eru fámenn. Sú spurning gerist áleitnari hvort þau séu nægjanlega vel í stakk búin til að takast á við umfangsmiklar áskoranir. Meira en helmingur sveitarfélaga er með færri en eitt þúsund íbúa, það er að segja 39 af 72! Á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem nú stendur yfir á Akureyri, setti ég fram tillögu um að mótuð yrði sameiginleg stefna um að fækka sveitarfélögunum og efla þau. Það mætti t.d. byrja á átaki þar sem sveitarfélög hafa tiltekinn tíma, segjum fjögur til átta ár, til að ná tilteknum markmiðum í frjálsum sameiningum. Samhliða yrði fjárhagslegur stuðningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við sameiningar og til skuldalækkunar stóraukinn. Ég gæti séð það fyrir mér að um 15 milljarðar færu í slíkan stuðning á tímabilinu.

Eftir að þessu tímabili lyki tæki við ákvæði sveitarstjórnarlaga um lágmarksíbúafjölda. Þau sveitarfélög sem ekki hefðu nýtt tímann til að ná settu markmiði þyrftu þar með að sameinast nágrannasveitarfélagi.

Ég veit að sjónarmiðin verða ólík og áherslurnar mismunandi. En verkefnið er skýrt – að móta eina stefnu fyrir íslensk sveitarfélög, fyrir framtíðina. Stærð sveitarfélaga og geta þeirra til að sinna lögbundnum verkefnum og styðja við umbreytingar og framþróun samfélagsins verður hluti af þeirri stefnumörkun.

**Meira en helmingur sveitarfélaga er með færri en eitt þúsund íbúa, það er að segja 39 af 72!**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Hagræðingarmöguleikar í jólasveinabransanum

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Þegar skynsamur maður skoðar af yfirvegun hið raunverulega hlutverk og starfsemi íslenskra jólasveina þá er erfitt að koma ekki auga á hið stórfellda óhagræði sem felst í núverandi rekstrarfyrirkomulagi. Á meðan önnur lönd láta sér nægja einn jólasvein þá hefur Ísland þá undarlegu sérstöðu að halda uppi starfsemi þrettán.

Þar að auki verður ekki betur séð en að hinn alþjóðlegi (ameríski) jólasveinn sé líka með umtalsverða starfsemi hér á landi og sé í beinni samkeppni við þá íslensku. Kostnaðurinn við rekstur þrettán jólasveina—sem felst meðal annars í því að þurfa að læra nöfn þeirra og færa þeim margs konar fórnir á aðventunni—er slíkur að skynsamt fólk hlýtur að gera sér grein fyrir þeim miklu hagræðingartækifærum sem geta falist í róttækri endurskipulagningu og uppstokkun á rekstrarumhverfi íslenska jólasveinabransans. Það sætir furðu að hagfræðingar Samtaka atvinnulífsins, Alþýðusambands Íslands og fjármálaráðuneytisins hafi ekki fyrir löngu sett hagræðingu íslenska jólasveinaiðnaðarins á dagskrá samhliða almennum kröfum um sparnað og fábreytni.

Þvílík kjarabót það yrði ef Ísland gæti sameinað einhverja jólasveina—og það er alls ekki víst að það kæmi niður á gæðunum. Er til dæmis mikill munur á starfsemi Bjúgnakrækis og Ketkróks? Eru ekki Askasleikir, Pottasleikir og Þvörusleikir í raun allir að sinna sömu verkefnum? Hér er augljóst tækifæri til sameiningar.

Og—úr því á það er minnst—hvaða hlutverki gegnir Giljagaur eiginlega? Og ríkir sátt um þá starfsemi?

**Nú er svo komið að það þykir sjálfsagt að sveitarstjórar í smáþorpum á Íslandi séu með sambærileg laun og borgarstjórar milljónaborga.**

### Stærri bæir með ljótari nöfn

Þótt jólasveinarnir hafi hingað til sloppið við hagræðingarkröfur þá er eitt af því örfáa sem nánast algjör samstaða virðist ríkja um í opinberri umræðu sú kenning að hagræðing sé af hinu góða. Það er kannski ekki skrýtið. Orðið sjálft gefur mjög skýra vísbendingu um að í því hljóði að felast eitthvað sem er óumdeilanlega gott; andheitið við hagræði er óhagræði sem fáir myndu líklega telja geta verið annað en óeftirsóknarvert í eðli sínu.

Þess vegna eru það gjarnan forsvarsmenn hvers kyns „hagræðingar“ sem eru í sókn í sínum málflutningi. Þegar búið er að reikna út að það geti sparað peninga að sameina deildir, fyrirtæki, stofnanir, íþróttafélög eða sveitarfélög þá virðist nánast eins og niðurstaðan sé óhjákvæmileg. Hinir—sem ekki eru tilbúnir til þess að samþykkja hina útreiknuðu hagræðingu—virka þá stundum eins og þeir séu íhaldssamir, gamaldags, jafnvel pínulítið vitlausir eða varðhundar úreltra hagsmuna. Hvernig er hægt að vera á móti hagræðingu? Er það ekki eins vitlaust og að vera á móti framförum og nýjungum?

Meðal þess sem útreikningar hagræðingarsérfræðinga sýna glögglega fram á er að með því að fækka og stækka margvíslegum einingum sé unnt að spara stjórnunarkostnað, draga úr yfirbyggingu og staðla verkferla. Þessi viðteknu sannindi hafa haft leitt af sér þá þróun á undanförnum áratugum að ýmsum sjálfstæðum stjórnunareiningum hefur fækkað mikið. Lögregluumdæmum hefur fækkað. Sveitarfélög eru færri (og hafa mun ljótari nöfn). Fyrir vikið eru auðvitað færri bæjarskrifstofur, færri lögreglustjórar, færri varðstjórar, færri bæjarfulltrúar og færri bæjarstjórar. Allt þetta ætti að spara peninga; að minnsta kosti til að byrja með.

### Rónar og rukkarar

En það eru auðvitað miklu fleiri hliðar á flestum málum en þær sem utanaðkomandi ráðgjafar geta greint í töflureikni. Til dæmis er frægt dæmi frá Bretlandi þegar borgarstjórinn stakk upp á því að starfsfólki í miðasölu í neðanjarðarlestarkerfinu yrði öllu sagt upp. Það var mjög einfalt reikningsdæmi að sjá að þeir borguðu sig ekki og að nánast allir farþegarnir keyptu miðana í sjálfsölum og höfðu engin afskipti af miðavörðunum sjálfum. Tæknin gat með miklu hagkvæmari hætti passað upp á að enginn kæmist í lestina nema eftir að hafa borgað, og með tækninni var hægt að ná svindlurunum líka. Miðaverðirnir voru augljóst hagræðingartækifæri í útreikningum.

Og gegn svo augljósum rökum væri vitaskuld ekki hægt að berjast, en samt hefði það verið feigðarflan að „hagræða“ með því að reka alla miðaverðina. Þegar nánar var að gáð kom auðvitað í ljós að störfin í miðasölunni höfðu í rauninni ekkert með miðasölu að gera. Þar sem miðaverðir voru ekki til staðar vissu börn ekki hvert þau áttu að leita ef þau urðu viðskila við foreldra sína og enginn vissi hvernig bregðast átti við þegar ölvaðir og óstýrilátir farþegar ollu óskunda í kringum sig. Sannleikurinn um hið raunverulega hlutverk miðavarðarins hafði ekki komist inn í excel-skjölin. Miðaverðirnir voru orðnir eins konar gangaverðir í lestarkerfinu sem vísuðu fólki á rétta staði, hjálpuðu börnum og foreldrum sem skildust að, og töluðu niður lætin í ófriðsömum fylliröftum áður en þeir urðu til raunverulegra vandræða. Algjörlega ómögulegt var að reikna út raunverulegt framlag þeirra eða verðmæti.

### Bæjarstjórar og jólasveinar

Svipað gæti átt við um hlutverk lögreglustjóra, bæjarstjóra og bæjarfulltrúa víða um land. Oft getur það skipt miklu máli að til staðar séu einstaklingar sem tilbúnir eru til þess að taka ábyrgð á aðstæðum og umhverfi sínu. Og margt af því sem slíkir einstaklingar gera í störfum sínum kemur ekki greinilega fram í skrifaðri starfslýsingu. Sparnaður í stjórnsýslu getur nefnilega komið harkalega niður á þeirri samfélagslegu ábyrgð sem æskilegt er að handhafar opinbers valds finni til í störfum sínum. Þegar ábyrgðin á því að göturnar í bænum séu malbikaðar og vel hirtar er komin yfir til manneskju sem býr í næsta dal eða firði þá er hætt við því að nauðsynlegar úrbætur raðist neðar á forgangslistann heldur en ef bæjarstjórinn þyrfti sjálfur að keyra göturnar daglega.

En það er líka kunnara en frá þurfi að segja að störf bæjarstjóra og sveitarstjórnarfólks hefur á undanförnum áratugum breyst úr því að vera tímafrek aukageta yfir í það að vera full vinna eða nánast full vinna. Nú er svo komið að það þykir sjálfsagt að sveitarstjórar í smáþorpum á Íslandi séu með sambærileg laun og borgarstjórar milljónaborga. Kannski væri nær að endurskoða þá þróun heldur en að gera sífelldar kröfur um að fækka sveitarfélögunum og stækka þau. Það getur nefnilega verið eins með íslenska jólasveina og íslenska bæjarstjóra—að það sé betra að hafa þá færri og umsvifaminni heldur en stærri og valdameiri.



KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG UPPLIFÐU ÞAÐ NÝJASTA OG FULLKOMNASTA Í RAFBÍLATÆKNI.
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Meira avocado

Tilboð gilda út 30. september






20% afsláttur

**Calavo Avocado frá Mexico**

2 stk í pk. 500 g

**639** kr/pk

Verð áður 799 kr/pk



20% afsláttur

**Avocado fullþroskað**

**959** kr/kg

Verð áður 1.199 kr/kg



20% afsláttur

**Avocado fullþroskað**

2 stk í pk. 300 g

**399** kr/pk

Verð áður 499 kr/pk



15% afsláttur

**Avocado í neti**

750 g

**509** kr/pk

Verð áður 599 kr/pk

BAKARÍIÐ



**Steinbakað súrdeigsbrauð**

Steinbakað eftir aldargamalli franskri hefð, deigið er látið hefast í 24 tíma fyrir bakstur

FERSKT MEÐ FLUGI



**Jarðarber USA**

454 g

**599** kr/pk

Verð áður 698 kr/pk





**NÝJUNG**

**Sky Valley plómusósa**

Alvöru kínversk plómusósa sem tryllir bragðlaukana. Blanda af plómum, ferskum, appelsínusafa og ediki sem gerir þessa sósu einstaka.

**549** kr/stk

## Kjúklingabringur

**2.039** kr/kg

Verð áður 2.399 kr/kg

**NÝJUNG**

**Hin eina sanna Sriracha sósan loksins á Íslandi**

Ein vinsælasta sriracha sósan í Ameríku búin til úr fyrsta flokks hráefnum, uppstaðan er cayenne pipar,rauður jalapeno og hvítulaukur.

**949** kr/stk





**Ribeye**

**3.999** kr/kg

Verð áður 4.999 kr/kg





**Ferskur kjúklingur**

**764** kr/kg

Verð áður 899 kr/kg





**Grísalundir**

**1.839** kr/kg

Verð áður 2.299 kr/kg

# Tíðarandinn tröllríðandi



Hjörleifur Stefánsson
arkitekt

Hvað veldur því að stjórnvöld í Reykjavík sem telja sig vera félagslega sinnuð ganga gegn hagsmunum umbjóðenda sinna æ ofan í æ þegar kemur að skipulags- og byggingarmálum? Borgarstjórn lætur undan þrýstingi braskara og leyfir óafturkræfa eyðileggingu á miðborginni þótt það gangi berlega gegn hagsmunum almennings.

Dæmin eru mörg en þær framkvæmdir sem þegar eru hafnar við breytingu Landssímahússins í hótel eru nærtækar. Borgarstjórn leyfði hækkun á húsinu sem þó var til lýta fyrir umhverfið. Síðan heimilaði hún stækkun þess út í austurhluta kirkjugarðsins gamla, sem gengur beinlínis þvert á skýr lög sem banna slíkt.

Það eina sem kallar á heimildir af þessu tagi er sýnilegur skammtímagróði húseigandans.

Svo seldi hann lóðina og húsið með þeim byggingarrétti sem honum hafði verið úthlutaður og fékk mun hærra verð en hann hefði fengið ef borgarstjórn hefði hafnað ósk hans.

**Til að Ísland verði ákjósanlegt land fyrir afkomendur okkar þarf að efla hér samkennd og samvinnu. Hefja til vegs og virðingar alla viðleitni til þess að bæta samfélagið.**

Ekki verður séð að borgarstjórn hafi rökstutt þennan gjörning á nokkurn hátt, enda vandséð að það verði gert með tilvísun til hagsmuna almennings.

Þegar leitað er skýringar á að borgarstjórn fer svona illa og blygðunarlaust að ráði sínu verður manni það helst til ráða að líta til tíðarandans sem einkennist af græðgi – taumlausri ásókn í allt sem getur gefið af sér gróða. Skeytingarleysi um samfélagsleg sjónarmið og framtíð lands og lýðs einkennir aldarfarið. Tíðarandinn hefur tryllt borgarstjórn sem heggur nú þar sem hlífa skyldi.

Þessi tíðarandi tröllríður flestum sviðum samfélagsins. Hann veldur því meðal annars að heilbrigðiskerfið hefur verið holað að innan í nokkra áratugi. Umtalsverður hluti þeirra sérfræðinga sem starfa innan kerfisins lætur tíðarandann kúga sig og vinnur ljóst og leynt að því að bæta persónulegan fjárhag sinn á kostnað þess heilbrigðiskerfis sem ætti að vera þeim keppikefli að hlúa að. Tíðarandinn mótar auðvitað líka stjórnmálamennina og þegar sérfræðingarnir dansa með er augljóst hvert stefnan verður tekin.

**Einkahagsmunir ríkjandi drifkraftur**

Á fyrstu áratugum 20. aldar einkenndist tíðarandinn af almennri löngun til að bæta og byggja upp íslenskt samfélag. Stjórnmálaöflin kepptust við að bæta hag landsins. Ungmennafélagshreyfingin um allt land vann ómetanleg störf að framförum á margvíslegum sviðum. Kvenfélögin lyftu hverju grettistakinu á fætur öðru. Hugsjónir um betra samfélag framtíðarinnar var drifkrafturinn.

Við lok aldarinnar voru einkahagsmunir orðnir ríkjandi drifkraftur og hugsjónir voru lagstar í dvala.

Þessi breyting á aldarfari hefur orðið hægt og bítandi. Við höfum auðvitað hrifist með aldarfarsbreytingu sem orðið hefur víðast hvar, kannski alls staðar, í hinum vestræna heimi.

En þó höfum við breyst á sérstakan hátt. Ríkisútvarpið sem átti drjúgan þátt í að efla samkennd með þjóðinni á fyrri hluta 20. aldar hlaut líka að bera tíðarandanum vitni. Það treysti sér ekki þegar á leið til þess að vera sú uppeldisstofnun sem því var ætlað í upphafi að vera.

Á síldarárunum flutti Ríkisútvarpið daglega sérstakar fréttir af aflabrögðum síldarflotans í tengslum við aðalfréttatímann og flestar fjölskyldur landsins fylgdust með af spenningi. Almenningur þekkti nöfnin á aflahæstu skipunum og fréttamenn töluðu við skipstjóra þeirra sem hvert mannsbarn þekkti. Einnig fengum við daglegar fréttir af millilandaskipum þjóðarinnar, hvar þau voru stödd og hvenær þau væru væntanleg til landsins.

Í byrjun 21. aldar hafði þessum fréttaflutningi verið hætt en nú flutti Ríkisútvarpið okkur daglega fréttir af hlutabréfavísitölum víða um heim. Þeir Íslendingar sem áttu hagsmuna að gæta vegna verðbréfa sinna og sá fjöldi sem hafði hlotið MBA gráðu frá háskóla og skildi hvernig væntingar um gengi verðbréfa gætu ráðið úrslitum um þeirra eigin fjárhag, hlaut að hlusta af andakt. Fréttir af þessu tagi áttu ekkert erindi til almennings en ríkisútvarpið kaus að gerast meðreiðarsveinn útrásarvíkinganna.

**Sitja með hendur í skauti**

Þegar samfélag okkar tók að rétta úr kútnum eftir hrunið mikla 2008 var það ekki síst vegna gríðarlegs vaxtar ferðamannaiðnaðarins. Eins og vænta mátti fagna stjórnvöld þessum uppgangi en sitja með hendur í skauti. Þeim nægir að dásama hagvöxtinn og telja hann sér að þakka. Flugfélögin tvö stjórna ferðinni og allar aðgerðir þeirra ráðast af taumlausri ásókn í vöxt. Á meðan þessi bylgja gengur yfir getur stjórn okkar ekki einu sinni séð til þess að ferðamannastraumurinn skili samfélaginu fjármunum til að standa straum af innviðum samfélagsins sem þurfa að eflast með auknum mannfjölda.

Þetta er auðvitað öðrum þræði spaugileg þróun en hún er samt grafalvarleg því við erum á hraðri leið með að eyðileggja þann sælustað sem Ísland hefur verið.

Til að Ísland verði ákjósanlegt land fyrir afkomendur okkar þarf að efla hér samkennd og samvinnu. Hefja til vegs og virðingar alla viðleitni til að bæta samfélagið.

Spurningin er því hvernig við getum breytt tíðarandanum.

# Sögulegt tækifæri – Ný lög um þjónustu við fatlað fólk



Rúnar Björn Herrera
formaður málefnahóps ÖBÍ um sjálfstætt líf



Sigurjón Unnar Sveinsson
lögmaður og starfsmaður málefnahóps ÖBÍ um sjálfstætt líf

Þann 1. október næstkomandi taka gildi ný lög um þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Oft er rætt um að í þeim sé þjónusta sem kallast NPA innleidd sem eitt meginform af þjónustu við fatlað fólk og jafnvel eru nýju lögin í heild sinni oft kölluð NPA-lögin, en í því birtist raunar almenn vanþekking á meginefni laganna.

Nýju lögin fjalla um talsvert meira en innleiðingu NPA hérlendis. Þau eru afurð heildarendurskoðunar á lögum um fatlað fólk og hluti af innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF). Markmið samningsins er m.a. að allt fatlað fólk njóti allra réttinda til jafns við aðra. Markmiðið er t.d. að tryggja sjálfræði alls fatlaðs fólks, á öllum sviðum. Þjónusta sú sem nefnd er í lögunum er nauðsynleg til að ná markmiðum samningsins. Í lögunum kemur beinlínis fram að SRFF skuli fylgt við framkvæmd þeirra. Afar mikilvægt er að sveitarfélögunum takist strax vel upp við þá framkvæmd.

Lögin fela m.a. í sér að nú þarf að fara í gang heildarendurskoðun á allri þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk því í nýju lögunum eru ýmsar uppfærslur og nálgun sveitarfélaga verður m.a. að vera sú að tryggja jafnræði allra til samfélagsþátttöku og sjálfstæðs lífs.

Ein af breytingunum sem fylgja lögunum er afnám hugtaka sem þykja úrelt og fylgja augljóslega ekki markmiðum og hugmyndafræði SRFF. Hugtökin liðveisla og frekari liðveisla hafa m.a. verið afnumin úr lögunum og eiga ekki að vera grundvöllur framkvæmdar hjá sveitarfélögunum. Jafnframt verður að teljast ólíklegt að sveitarfélög komist áfram upp með að takmarka hefðbundna þjónustu við eins fáa tíma og þau hafa gert eða við tiltekið húsnæði eins og þau hafa því miður gert hingað til.

Í lögunum kemur einnig fram að fötluðu fólki skuli standa til boða stoðþjónusta til þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar þannig að það standi til jafns við aðra og að komið verði í veg fyrir félagslega einangrun þess. Stoðþjónusta er mjög víðtæk þjónusta við fatlað fólk sem m.a. á að uppfylla þarfir þess til sjálfstæðs heimilishalds, samfélagslegrar þátttöku, hæfingar, endurhæfingar, menntunar og atvinnu m.a. á grundvelli viðeigandi aðlögunar, sérhæfðrar ráðgjafar, félagslegs stuðnings, félagslegs samneytis, ástundunar tómstunda og menningarlífs. Einnig er tekið fram að stoðþjónusta taki mið af þörfum fatlaðra foreldra vegna umönnunar og uppeldis barna sinna. Jafnframt kemur fram í lögunum að þarfir fatlaðra barna fyrir umönnun og þjálfun, ásamt þjónustu við fjölskyldur þeirra skuli vera nauðsynlegur hluti af stoðþjónustu.

**Nýju lögin fjalla um talsvert meira en innleiðingu NPA hérlendis. Þau eru afurð heildarendurskoðunar á lögum um fatlað fólk og hluti af innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF). Markmið samningsins er m.a. að allt fatlað fólk njóti allra réttinda til jafns við aðra.**

Lögin fela í sér tækifæri sem kemur væntanlega ekki aftur, tækifæri til þess að færa alla þjónustu í nútímalegt form þar sem markmiðið verður að tryggja raunverulegt jafnræði fólks til samfélagslegrar þátttöku og sjálfstæðs lífs. Nálgun sveitarfélaga verður þar með að vera allt önnur en sú sem þróast hefur síðustu ár.

Við hjá málefnahópi ÖBÍ um sjálfstætt líf munum vera vakandi fyrir framkvæmd sveitarfélaga næstu mánuði og grípa til viðeigandi ráðstafana ef sveitarfélögin fara á mis við hið sögulega tækifæri sem þeim er veitt með nýrri löggjöf.

# Lítil dæmisaga



Davíð Gíslason
læknir

Af ákveðnu tilefni hafa gömul atvik komið upp í huga minn, frá því ég var ungur drengur vestur í Dýrafirði. Ég er yngstur níu systkina og á heimili mínu var afar gestkvæmt. Móðir mín hafði því í mörg horn að líta. Þrátt fyrir það var hún beðin að taka að sér miðaldra, þroskaheftan mann frá Þingeyri, sem orðið hafði fyrir einelti af unglingum og einstaka fullorðnum í þorpinu.

Okkur systkinunum brá illa í brún þegar hann birtist eitt kvöldið með móður minni. Þetta breyttist þó fljótt og brátt var þessi nýi heimilismaður öllum hugljúfi og gleðigjafi. Hann gekk alltaf undir gælunafninu Dúddi. Hann var á óræðum aldri, hávaxinn og afar feitlaginn. Hann talaði tungumál, sem enginn annar talaði, og sem við vorum nokkrar vikur að tileinka okkur. Öll æðri tölfræði var honum ókunn og hann kunni skil á aðeins tveimur tölum. Því var hann að eigin sögn níu ára gamall og fimm pund að þyngd. Dúddi varð eins konar lukkutröll á bænum, sem allir sveitungarnir þekktu og umgengust eins og vin og félaga.

Einn góður fjölskylduvinur, sem Dúddi hafði miklar mætur á, gerði það eitt sinn að gamni sínu að leggja á borðið fyrir framan hann tveggja króna pening og fimm hundruð króna seðil og láta Dúdda velja hvorn hann vildi heldur. Dúddi var fljótur að velja og hann tók túkallinn. Nokkru seinna, þegar nokkuð margmennt var á heimilinu, lagði sami maður tveggja króna pening og fimm hundruð króna seðil á borðið fyrir Dúdda og sagði að hann mætti eiga hvort tveggja. En svo dró hann stóran brjóstsykurspoka upp úr vasa sínum og sagði að Dúddi gæti fengið hann með því að borga hann, annaðhvort með peningnum eða seðlinum. Dúddi var skjótur til og rétti fram seðilinn og tók til sín sælgætispokann og peninginn og ljómaði af gleði, en viðstaddir hlógu hjartanlega, allir nema móðir mín, sem sagði að það væri ljótt að spila með aumingjann.

**Þeir sem hafa vondan málstað að verja reyna oft að breiða yfir það með mælgi. Dúddi höndlaði með eigin peninga, en ráðherrann er að sólunda skattfé okkar borgaranna. Þar í liggur munurinn.**

Þetta tiltölulega lítilvæga atvik kom upp í huga minn eftir 65 ár, þegar ég las um þá ákvörðun heilbrigðisráðherra að senda sjúklinga með ónýta mjaðmaliði til útlanda í aðgerðir, þrátt fyrir þær þjáningar, sem það hlýtur að valda þeim, nýkomnum úr erfiðum aðgerðum, að þurfa að ferðast með flugvélum milli landa. Þetta gerir ráðherrann þótt kostnaður við aðgerðirnar sé þrisvar sinnum meiri erlendis, en ef þær væru gerðar á Íslandi, og ríkissjóður verður af skatttekjum, sem myndi svara til þriðjungs kostnaðarins væru aðgerðirnar gerðar hér heima.

Þegar ráðherrann var spurður um þetta háttalag í Kastljósi útvarpsins þann 5. september síðastliðinn svaraði hann þáttarstjórnandanum: „Þú talar eins og ég sé með rassvasann fullan af peningum.“ Þarna virðist ráðherrann bera svipað skynbragð á peninga og Dúddi sem lagði ekkert verðgildi á þá peninga, sem honum áskotnuðust, en fannst túkallinn fallegri og fara betur í hendi. Þeir sem hafa vondan málstað að verja reyna oft að breiða yfir það með mælgi. Dúddi höndlaði með eigin peninga, en ráðherrann er að sólunda skattfé okkar borgaranna. Þar í liggur munurinn.

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 28. SEPTEMBER 2018



Tímaritið Glamour gefur lesendum uppskriftina að því hvernig hárið á að vera í haust og vetur. Léttir liðir eru áberandi. →4

# Ætluð hvort öðru

Anna Svava Knútsdóttir var ekki lengi að segja já þegar Gylfi Þór Valdimarsson skellti sér á skeljarnar en þau létu pússa sig saman með pompi og prakt fyrir stuttu. Í kvöld ætlar Anna Svava að stíga á svið í Kassanum í Þjóðleikhúsinu og kitla hláturtaugar landans. →2



„Gylfi bað mín núna í maí. Við vorum búin að ræða um að láta pússa okkur saman en mig langaði mest til að hann færi á hnén og bæði mín. Svo loksins gerði hann það," segir Anna Svava. MYND/ERNIR




TANTE MOTTA
170X240 / KR. 56.300
200X300 / KR. 83.900

RAVI MOTTA



170X240 / KR. 116.900

RUGGED MOTTA



170X240 / KR. 49.900
200X300 / KR. 71.900

MAGIC MOTTA



160X230 / KR. 65.600
200X290 / KR. 94.500

LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪



Brúðhjónin með börnin sín, Arnar Orra og Laufeyju, auk vinkonunnar Rakelar og Arnars, bróður Önnu Svövu. MYND/ÚR EINKASAFNI

Það er sjaldan lognmolla í kringum Önnu Svövu Knútsdóttur. Hún hefur vakið verðskuldaða athygli m.a. fyrir uppistand, veislustjórn, gamanleik og ísbúðina Valdísi. Aðeins er um mánuður síðan Anna Svava gekk í hjónaband með Gylfa Þór Valdimarssyni. Þau eiga tvö ung börn en Gylfi átti tvö börn fyrir. Það er því oft líf og fjör á stóru heimili. Hjónin nýbökuðu hafa búið saman í nokkur ár en þau kynntust við rómantískar aðstæður. „Fyrir nokkrum árum skipulagði ég leynibrúðkaup fyrir vinkonu mína. Ég var orðin úrkula vonar um að ég myndi sjálf ganga út svo ég undirbjó draumabrúðkaupið mitt fyrir hana og manninn hennar. Hún fékk að vita í hádeginu að hún væri að fara að gifta sig um kvöldið. Þetta sama kvöld hitti ég svo hann Gylfa minn. Hugsaðu þér karmað. Ég átti greinilega að fá hann þetta kvöld,“ rifjar hún brosandi upp.

Brúðkaupið fór fram í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi og Björk Magnúsdóttir, fjölmiðlakona og viðburðastjóri hjá Siðmennt, gaf þau hjónin saman. „Svo var heljarinnar ball með Síðan skein sól. Við vorum ekkert að eyða peningum í vitleysu eins og mat. Við vildum heldur bjóða fullt af fólki og svo dönsuðu allir og skemmtu sér langt fram eftir nóttu,“ segir Anna Svava en það lá auðvitað beint við að fá Helga Björns, mótleikara Önnu Svövu úr sjónvarpsþáttunum Ligeglad, til að halda uppi fjörinu.

„Við vorum líka með brúðkaupsveislu fyrir öll börnin í kringum okkur tveimur dögum fyrr. Vinkona mín, sem ég undirbjó brúðkaupið fyrir, vildi endurgjalda mér greiðann og hélt því veislu úti í garði hjá sér. Hún setti upp tjald og fékk börnin til að hjálpa sér með alla skipulagningu. Þau fengu að gera allt sem þeim finnst skemmtilegast og því voru settar upp stöðvar þar sem þau fengu candy floss, andlitsmálningu, leir til að leika með og efni til að búa til slím. Hún leigði prestsbúning og lagði út rauðan dregil fyrir okkur. Bróðir minn lék síðan prest og talaði fallega til barnanna, ég var í alvöru brúðarkjól með slöri og allt. Allir krakkarnir fengu hlutverk, ein bar hringana og tveir litlir frændur mínir héldu ræður. Svo var auðvitað dansað og sungið, kastað yfir okkur hrísgrjónum og sápukúlum blásið yfir okkur,“ segir Anna Svava ánægð.



Börnin fengu sérstaka brúðkaupsveislu eftir sínu höfði. MYND/ÚR EINKASAFNI



„Ég leik á móti Ólafíu Hrönn Jónsdóttur, fyndnustu konu landsins, og stundum er erfitt að halda niðri í sér hlátrinum,“ segir Anna Svava. MYND/ERNIR

*Voruð þið lengi búin að ákveða að gifta ykkur?*

„Nei, Gylfi bað mín núna í maí. Við vorum búin að ræða um að láta pússa okkur saman en mig langaði mest til að hann færi á hnén og bæði mín. Svo loksins gerði hann það. Þetta var bara venjulegur dagur en Gylfi dró mig út á Klambratún, sem er í nágrenni við heimili okkar. Ég hélt að hann ætlaði að sýna mér hvolp en þá kom hann mér á óvart með fallegu bónorði. Svo héldum við bara áfram að vinna,“ segir Anna Svava kankvíslega.

Börnin þeirra tvö fæddust með um árs millibili og segist Anna Svava hafa verið mikið til heima síðustu árin að sinna börnum og búi. „Ég var 38 ára þegar ég eignaðist fyrsta barnið mitt. Ég mæli með því að bíða ekki svona lengi með barneignir. Það er ástæða fyrir því að maður gat djammað til klukkan sex á morgnana þegar maður var yngri, það er í raun til að geta vakað og gefið brjóst. Aðalsjokkið við að eignast börn er svefnleysið sem því getur fylgt. Ég var lengi að jafna mig á því, bæði andlega og líkamlega. Síðan finnst mér mikil ábyrgð að eiga börn. Það er erfitt að fara frá þeim og þegar ég kem heim af æfingu á kvöldin vil ég fá að vita allt um hvað þau hafa borðað yfir daginn, verið að bardúsa og þar fram eftir götunum.“

*En hvað gerir fjölskyldan þegar hún vill gera vel við sig?*

„Þá förum við saman upp í sumarbústað. Þótt ótrúlegt sé er það allt önnur stemning en að vera heima. Allir eru afslappaðri þótt við séum ekki að gera neitt sérstakt. Við erum með eina reglu hér heima. Það er enginn sími á milli klukkan fimm og átta á kvöldin. Á þeim tíma kíkir enginn á netið, Facebook eða tölvupóstinn sinn heldur svarar aðeins símtölum. Þetta fyrirkomulag gerir andrúmsloftið afslappaðra.“

## Á svið eftir tíu ára hlé

Anna Svava hefur ekki leikið á hefðbundnu leiksviði í tíu ár. Í kvöld mun það breytast þegar hún stígur á svið í Kassanum í Þjóðleikhúsinu í leikritinu Fly Me to the Moon eftir Marie Jones sem er hvað þekktust fyrir verk sitt Með fulla vasa af grjóti. Marie Jones leikstýrir jafnframt verkinu.

„Ég er mjög spennt og ætla að mæta snemma niður í leikhús en að öðru leyti er þetta bara eins og hver annar dagur. Ég leik á móti Ólafíu Hrönn Jónsdóttur en verkið fjallar um írskar konur í láglaunastörfum sem standa skyndilega frammi fyrir óvæntri áskorun,“ segir Anna Svava.

Æfingar hafa gengið eins og í sögu og oftar en ekki hefur hláturinn tekið völdin. „Ég leik á móti fyndnustu konu landsins og stundum er erfitt að halda niðri í sér hlátrinum. Það eina sem ég er hrædd um er að ég springi úr hlátri á sviðinu út af henni,“ segir Anna Svava brosandi.

Undanfarin ár hefur Anna Svava verið sinn eigin herra, séð um veislustjórn, sinnt uppistandi og skrifað handrit. Spurð hvernig það sé að vinna hjá stóru leikhúsi á borð við Þjóðleikhúsið segir hún það algjöran lúxus. „Ég fæ heitan mat í hádeginu. Ég þarf hvorki að hugsa um smink né leikmuni. Þótt við Ólafía Hrönn séum bara tvær á sviðinu er stór hópur fólks sem kemur að sýningunni og það er góð tilbreyting frá því að vera einn að vasast í öllu. Svo er gaman að það er uppselt á sýninguna fram í miðjan nóvember.“

*En hvað er skemmtilegast við að vera leikkona?*

„Að fá fólk til að hlæja. Ég fæ algjört kikk út úr því að fá mikil viðbrögð en ég er betri í gamanleik en drama.“

TILBOÐ
4 réttir + súpa dagsins
aðeins 1.790 kr.*
NAUTAKJÖT Í OSTRUSÓSU
KJÚKLINGUR Í KARRÝSÓSU
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMETI
*tekið með heim – 2.100 kr. ef borðað er á staðnum.
Frábær hóptilboð
Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is

Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00

KÍNAHOFIÐ
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,




# NÝIR, MATTIR VARALITIR MEÐ LEÐURÁFERÐ

## YVES SAINT LAURENT KYNNING Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI 27.-30. SEPTEMBER

**TOP SECRETS SETTING SPRAY**
gefur raka yfir daginn, náttúrulegan ljóma og eykur endingu förðunar.



**20% AFSLÁTTUR**
AF **YVES SAINT LAURENT** VÖRUM Á KYNNINGUNNI



Á tískuvikunni í Mílanó þar sem sýnd var haust- og vetrartískan 2017-2018 voru fyrirsætur Fendi allar með sams konar liði í hárinu sem eru mjög vinsælir í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

# Lifandi liðir

## Glamour gefur góð ráð til að hressa upp á hárið í vetur.

**Leiktu eftir hárstíl sem má sjá hjá Fendi, Dior og Max Mara.**

Dragðu fram krullujárnið og leiktu eftir hárstílinn sem má sjá hjá Fendi, Dior og Max Mara. Liðir með hálfsléttum enda eru mikið trend fyrir veturinn. Þetta getur verið auðveld og fljótleg leið til að flikka upp á hárið og breyta um útlit. Það þarf ekki einu sinni að krulla allt hárið, bara jafn marga lokka og þú nennir og skilja svo endana eftir þannig að þeir haldist sléttir. Því næst er tilvalið að hrista örlítið upp í hárinu til að fá aukna hreyfingu í það en alls ekki greiða liðina úr. Í vetur verður einnig vinsælt að skella hárinu í laust tagl.




Kevin.Murphy Bedroom. Hair hársprey. veitir hárinu lyftingu, fyllingu og gott tak til þess að móta hárið. Spreyist í rót hársins og niður að miðju.




HH Simonsen ROD vs7 krullujárn. Frábært krullujárn sem hægt er að nota til að útfæra allavega stærðir af liðum og krullum.



Fyrirsætan Myrthe Bolt skartaði lifandi liðum á tískusýningu Max Mara í Mílanó á Ítalíu í byrjun árs 2017.



Í vetur verður einnig vinsælt að skella liðuðu hárinu í laust tagl eins og þessi fyrirsæta hjá Christian Dior.




Þurrsjampó mattar niður húðfitu í hári svo að hárið þarfnast færri hárþvotta. Spreyið veitir hárinu einnig fyllingu og gott tak.




Label.m Soufflé hárvax. Kremkennt hármótunarvax sem dregur fram liði og gefur hárinu náttúrulega hreyfingu.

NÚ KÓLNAR Í VEÐRI
Yfirhafnir, peysur, ullarbuxur og margt fleira



Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX



ÚLPUR OG JAKKAR
FYRIR VETURINN
Mikið úrval af fatnaði í stærðum 14-30 eða 42-58
15.990 KR
ST. 14-26
12.990 KR
ST. 14-30
18.990 KR
ST. 14-28
11.990 KR
ST. 14-30
18.990 KR
ST. 14-28
13.990 KR
ST. 14-28
18.990 KR
ST. 14-28
29.990 KR
ST. 14-28
VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS
Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16
SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!
Curvy.is
- Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

# Áhrifavaldar í heimi förðunar

Förðunar- og snyrtivörubransinn er sennilega einn stærsti vettvangurinn innan fegurðarheimsins. Konur skipa afar stóran sess í þessum heimi en nokkrar standa upp úr. Glamour kynnti sér sögu fjögurra þeirra nánar.



Estée Lauder þótti meistari í markaðssetningu og það skipti hana máli að hin hversdagslega kona gæti samsamað sig fyrirsætum merkisins. NORDICPHOTOS/GETTY



Lisa Eldridge er listrænn stjórnandi hjá Lancôme. Hún hefur gefið út bækur um förðun og hefur einnig skapað sér nafn á samfélagsmiðlum. NORDICPHOTOS/GETTY



Emily Weiss heldur úti tískublogginu Into the Gloss sem tíu milljónir manns lesa í hverjum mánuði. Hún á einnig snyrtivörufyrirtækið Glossier. NORDICPHOTOS/GETTY



Pat McGrath er sjálflærður förðunarfræðingur sem hefur unnið með fjölmörgum stórstjörnum. Hún forðast tískusveiflur og fer sínar eigin leiðir. NORDICPHOTOS/GETTY

## Markaðssnillingurinn Estée Lauder

Estée Lauder fæddist í Queens-hverfinu í New York árið 1908. Hún var af ungverskum innflytjendum komin og kynntist snemma heimi snyrtivara. Frændi hennar flutti inn á heimili fjölskyldunnar og hóf að blanda rakakrem, ilmvötn og ýmsar olíur. Estée var fengin til að aðstoða hann við blöndun, pökkun og dreifingu. Þannig fór hún á milli hárgreiðslustofa og kynnti kremin fyrir konum í lagningu.

Árið 1946 stofnaði hún fyrirtækið Estée Lauder með eiginmanni sínum. Hún vildi að konur gætu keypt ilmvötn þegar þeim hentaði en á þessum tíma var viðtekin venja að konur fengu ekki ilmvötn nema að gjöf frá eiginmönnum sínum.

Lauder fann leið til að komast fram hjá þessari gömlu hefð með því að setja á markað baðolíu með dásamlegum ilm, en með olíunni komst Estée Lauder merkið á skrið og þróaðist yfir í að verða risi í förðunar- og snyrtivöruheiminum.

Lauder þótti meistari í markaðssetningu og það skipti hana miklu að auglýsingarnar og vörurnar töluðu til kvenna og að hin hversdagslega kona gæti samsamað sig fyrirsætum merkisins. Lauder valdi túrkísbláan lit sem einkennislit á umbúðirnar því sá litur var mikið notaður á baðherbergjum á þessum tíma. Þessi markaðsklókindi Lauder gerðu hana fljótt að einni ríkustu konu heims.

Lauder lést árið 2004, 95 ára gömul, í íbúð sinni á Manhattan. Afkomendur hennar stjórna fyrirtækinu enn þann dag í dag.

## Pat McGrath fer sínar eigin leiðir

Pat McGrath er breskur sjálflærður förðunarfræðingur og hönnuður hjá Procter & Gamble beauty sem á meðal annars merki eins og Max Factor, Dolce & Gabbana og CoverGirl. Hún er einn virtasti förðunarfræðingur tískugeirans og er jafnvíg á förðun fyrir tískupalla, auglýsingar og myndatökur hjá stærstu merkjum eða tímaritum heims.

McGrath fæddist árið 1970 í Northampton og var alin upp af einstæðri móður, innflytjanda frá Jamaica. McGrath vill meina að móðir hennar hafi verið helsti áhrifavaldur hennar en hún var einnig heltekin af snyrtivörum og tísku. Á þeim tíma átti móðir hennar í stökustu vandræðum með að finna augnskugga sem hentaði dökkri húð og blandaði því sjálf sína eigin liti og lét svo dætur sínar giska á hvaða skugga hún hefði notað í hvert sinn. Pat hafði alltaf stefnt á nám tengt tísku en þær áætlanir breyttust þegar hún kynntist stílistanum Kim Bowen sem bauð henni að fylgjast með myndatökum sem hún vann að fyrir tímarit eins og i-D. Fyrsta stóra verkefnið hennar var að farða söngkonuna Caron Wheeler á tónleikaferðalagi hennar um Japan. Eftir það fór boltinn að rúlla og hún varð fljótt eitt stærsta nafnið í tískuheiminum og er það enn þann dag í dag.

McGrath er þekkt fyrir öðruvísi tækni og notar oft fingurna í stað bursta þegar hún farðar. Hún var ein sú fyrsta sem þorði að nota aukahluti í förðun eins og fjaðrir, pappír og latex. Þegar hún fer í verkefni þá ferðast hún með heilan her af aðstoðarfólki og allt að 75 ferðatöskur fullar af snyrtivörum og öðru tilheyrandi. McGrath hefur unnið með stjörnum á borð við Madonnu, Söruh Jessicu Parker, Rihönnu og Kim Kardashian West. Þekktir fatahönnuðir og framleiðendur eins og Louis Vuitton, Prada, Gucci, Calvin Klein, Balenciaga og margir aðrir hafa einnig nýtt sér hennar hönnun. Árið 2007 titlaði Anna Wintour hana fyrir hönd Vouge áhrifamesta förðunarfræðing heimsins.

McGrath vill breyta því hvernig fólk hugsar um förðun og sjálf forðast hún að fylgja stefnum og straumum. Hún vill heldur fara sínar eigin leiðir.

## Lisa Eldridge tengir samfélagsmiðla og förðun

Lisa Eldridge, listrænn stjórnandi hjá snyrtivörurisanum Lancôme, fékk áhuga á förðun þegar hún komst í gamlar snyrtivörur móður sinnar sex ára gömul. Ákvörðunina um að gerast förðunarfræðingur tók hún þegar hún fékk bók um förðun að gjöf sem unglingur.

Fyrsta stóra verkefni Eldridge var að farða Cindy Crawford fyrir tímaritið ELLE árið 1998. Þær stöllur náðu vel saman og fékk Crawford hana með sér í nokkur verkefni eftir það. Hún hefur síðan unnið með fjölda stórstjarna, til dæmis Keiru Knightley, Cöru Delevingne, Katy Perry og Jennifer Lopez.

Hún starfar eins og áður sagði hjá Lancôme og hefur gefið út nokkrar bækur. Fyrsta bók hennar; Face Paint: The Story of Makeup, an accumulation of years of research into the history of makeup, seldist fljótt upp og er nú gefin út á sjö tungumálum.

Eldridge hefur einnig skapað sér nafn á samfélagsmiðlum. Hún var fyrsti förðunarfræðingurinn með eigin vefsíðu og með yfir þrjár milljónir fylgjenda. Hún var ein sú fyrsta með sýnikennslu á YouTube og hafa myndbönd hennar fengið meira en hundrað milljón áhorf. Líta má á Lisu Eldridge sem eins konar frumkvöðul í því að tengja samfélagsmiðla við förðun.

## Rísandi stjarna Emily Weiss

Hin 33 ára gamla Emily Weiss byrjaði feril sinn sem lærlingur hjá Teen Vouge meðan hún nam listfræði hjá New York University. Eftir útskrift árið 2007 hóf Weiss störf hjá tímaritinu W, þrem árum síðar opnaði hún bloggið sitt, Into the Gloss.

Weiss sá að umfjöllun um förðunarvörur og notkun þeirra var ábótavant í heimi tískubloggsins. Á hverjum mánuði vaknaði hún klukkan fimm að morgni og bloggaði áður en hún mætti til vinnu.

Árið 2014 stofnaði hún fyrirtækið Glossier og gaf út fyrstu línuna af förðunarvörum. Í dag er hún með yfir 40 manns í vinnu og þykir einstakur frumkvöðull á sínu sviði. Í hverjum mánuði lesa um tíu milljón manns bloggin hjá Into the Gloss og hafa vörur Weiss selst í bílförmum í Ameríku og Evrópu. Weiss er enn að skrifa sögu sína og væntanlega á hún eftir að hasla sér enn meiri völl og verða enn stærra nafn í tískuheiminum í framtíðinni.



GORDON

FYRIR BETRI SAMSKIPTI

L.E.T.

# LET mannauðslíkanið

leggur grunn að virðingu í samskiptum, eflir samráð, eykur samstarf, bætir samskiptafærni og eykur þannig verðmætasköpun í fyrirtækjum og stofnunum.




### 60 ára starfsemi í yfir 50 löndum

Gordon Training International byggir á 60 ár sögu og er með samsstarfsaðila í 50 löndum um allan heim.

LET mannauðslíkanið er alþjóðleg stjórnunar- og samskiptaþjálfun sem leggur grunn að öflugum mannauði í fyrirtækjum og stofnunum.

50 ára rannsóknir staðfesta að samráðsstjórnun og samvinna hjá starfsfólki stuðlar að meiri framlegð og aukinni verðmætasköpun.

### Sex þrepa innleiðing

1. Greining *á stöðu og markmiðum*
2. Samskiptamat *- Grunnstaða*
3. Innleiðing *- LET vinnustofa*
4. Eftirfylgni *- LET fræðslunetið*
5. Samskiptamat *- Árangursmæling*
6. Endurmenntun *og upprifjun*

### Fyrirtæki sem nota LET

AT&T, General Motors, Motorola, Nestlé, IBM, Alcoa, Coca-Cola, FedEx, Toyota, amazon, BMW, IKEA, BFGoodrich

Grensásvegi 3 - 108 Reykjavík - Sími 517 1400 - gordon@gordon.is - www.gordon.is

## Tónlistin í lífi mínu

# Með undarlegri smekk en fólk heldur

Sem tólf ára gutti í Breiðholti árið 1980 átti Siggi Hlö flottara plötusafn en flestir landsmenn. Tónlistin hefur fylgt honum alla tíð og hér rifjar hann upp minningar úr lífi sínu sem tengjast tónlist.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Það er aldrei dauður tími í lífi gleðigjafans Sigga Hlö sem starfar með eiginkonu sinni á ferðaskrifstofu þeirra hjóna sem ber heitið Visitor. Á milli þess sem hann skipuleggur fyrirtækja- og fótboltaferðir til útlanda má heyra rödd hans hljóma á Bylgjunni á laugardögum í gleðistund þjóðarinnar, eins og hann kallar gjarnan þátt sinn Veistu hver ég var?

Veturinn fram undan er fullur af skemmtilegum ævintýrum að sögn Sigga og hlakkar hann mikið til. „Það verður talsverður flækingur á okkur hjónunum í vetur í tengslum við fararstjórn. Svo búa bæði börnin okkar og tengdasonur í Berlín svo það þarf að skreppa þangað reglulega sem er sko alls ekki leiðinlegt.“

### Eftirsóttur plötusnúður

Tónlist hefur lengi skipað stóran sess í lífi Sigga. Þar á kvikmyndin Rokk í Reykjavík stóran þátt en einnig að faðir hans heitinn var í fraktsiglingum og kom heim eftir nánast hverja ferð með vinsælustu plöturnar hverju sinni. „Ég var tólf ára gutti í Seljahverfinu í Breiðholti árið 1980 og átti líklega betra safn af tónlist en RÚV á þeim tíma. Þess vegna var ég sóttur af unglingadeildinni til að vera plötusnúður því ég átti öll lögin.“

Hann sækir einnig reglulega tónleika í útlöndum og veturinn fram undan er engin undantekning. „Ég fer til Englands í október að sjá Jeff Lynne's ELO í þriðja skiptið á tveimur árum. Sjóvið hans er alveg geggjað. Svo ætla ég að skjótast að sjá Paul McCartney í desember. Ég hef séð hann áður en hann verður í heimaborg sinni Liverpool og það hefur alltaf verið sagt að þegar hann er á heimavelli þá gefi hann aðeins í. Annars er ég lélegur í tónlistarhátíðum en elska samt kraftinn og sköpunargleðina í yngri tónlistarmönnum.“

*Hvaða lag fær þig til að hugsa um börnin þín?*

Hlöðver sonur okkar hjóna fæddist 1989 og þá var ég á fullu með sjónvarpsþáttinn Popp & Coke á Stöð 2. Lagið sem situr í mér eftir fæðingu hans er When I see you smile með Bad English. Dóttir okkar er hins vegar fædd 1994 en daginn sem hún fæddist átti ég að vera að vinna á Bylgjunni. Á leiðinni upp á fæðingardeild hljómaði lagið The most beautiful girl in the world með Prince á Bylgjunni. Eftir á var þetta eins og það væri verið að segja okkur kynið á barninu sem við vissum ekki þá.

*Hvað lag minnir þig á frábæra tónleika?*

Þar standa tvö lög upp úr. Þegar ég sá Prince flytja lagið Purple Rain í Earls Court tónleikahöllinni í London árið 1990 og svo þegar ég sá Michael Jackson taka Smooth Criminal á Gentofte vellinum í Kaupmannahöfn.

*Hvaða lag eða plata tengist helst unglingsárum þínum?*

Númer eitt er það hljómplatan TIME með ELO. Þar má t.d. finna lögin Rain is falling og svo uppáhaldslagið mitt, The way life's meant to be sem er vanmetið meistaraverk. Einnig hlustaði ég endalaust á plöturnar The Great Rock 'n' Roll Swindle og Flogging a Dead Horse með Sex Pistols. Smekkur minn á tónlist er talsvert undarlegri en fólk heldur. Ég átti líka Hooked on Classics með Sinfóníuhljómsveit Lundúna.

*Hvað lög minna þig á sveitaböll unglingsáranna?*

Hvað er sveitaball? Ég er úr Breiðholtinu! Við félagarnir fórum einu sinni í Njálsbúð rétt eftir bílpróf sumarið 1985. Ég man ekki einu sinni hverjir voru að spila á ballinu. En Bubbi á tónleikum í Fellahelli 1981. Vá! Það voru kaflaskil.

*Hvaða lag fær þig til að hugsa um ástina?*

Ég verð að nefna lagið Wild, Wild West með The Escape Club þó það sé ekki mikið ástarlag. Um þessar mundir eru akkúrat 30 ár síðan fallegasta kona í heimi mætti á dyrabjölluna á útvarpsstöðinni Stjörnunni og bað mig að spila þetta lag fyrir sig. The rest is history!

*Hvaða lag eða plata fær þig til að brosa og kemur þér í gott skap?*

Allar Halla og Ladda plöturnar. Ég átti stílabók í gamla daga þar sem ég skrifaði niður alla textana og lærði utanbókar. Ef þú lendir með mér í partíi skaltu smella á t.d. Gibba Gibb, Tafist í Texas eða Ég pant spila á gítar mannanna. Þá færðu sjóv!

*Tengist eitthvert lag sorglegum atburðum í lífi þínu?*

Lagið Unchained Melody með The Righteous Brothers fær mig alltaf til að hugsa fallega til foreldra minna. Þau eru bæði látin en okkur öllum fannst þetta geggjað lag. Ég fæ alltaf ákveðna tilfinningu þegar ég heyri þetta lag, góða tilfinningu.



Sigurður Hlöðversson, Siggi Hlö, rifjar upp tónlistarminningar. MYND/ERNIR













Halli og Laddi, ELO, Michael Jackson og Sex Pistols koma við sögu í lífi Sigga.




**„Á leiðinni upp á fæðingardeild hljómaði lagið The most beautiful girl in the world með Prince á Bylgjunni. Eftir á var þetta eins og það væri verið að segja okkur kynið á barninu sem við vissum ekki þá,“ rifjar Siggi Hlö upp.**


## BÍLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Mest lesna bílablað landsins kemur næst út þriðjudaginn 2. október næstkomandi.

Ritstjóri blaðsins er Finnur Thorlacius sem er bílaáhugamaður af lífi og sál.

Umsjón auglýsinga:
Atli Bergmann • atlib@ frettabladid .is • sími 512 5457



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ


Kährs®
QUALITY IN WOOD SINCE 1857
VÖNDUÐ &
VISTVÆN VIÐARGÓLF
KÄHRS PARKET BORÐLEGGJANDI GÆÐI
Birgisson®
EIK VISTA
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is



## Ilmandi helgarréttur

Chili con carne er ilmandi mexíkóskur réttur sem bítur aðeins í enda inniheldur hann chili. Rétturinn er til í ótal útgáfum en hér skiptum við út nautahakki fyrir kjúkling. Afganginn má auðveldlega frysta.

Fyrir 8

**½ kg kjúklingur (bringur eða úrbeinuð læri)**
**1 dós tómatsósa**
**2 dósir af tómötum með chilibragði**
**1 dós chili-baunir**
**1 dós nýrnabaunir (skolið vel)**
**1 dós maísbaunir**
**1 lítil dós ristaður grænn chilipipar**
**1 dós svartar baunir (skolið vel)**
**1 bolli kjúklingasoð (eða vatn og tengingur)**
**1 msk. chili-duft**
**¼ tsk. af hverju kryddi: hvítlauksduft, laukduft, óreganó, þurrkaðar chili-flögur**
**½ tsk. paprikuduft**
**1 ½ tsk. cumin**
**250 g rjómaostur við stofuhita**

Skerið kjúkling í litla bita og steikið létt í olíu í stórum potti. Bætið út í tómatsósu, tómötum, græna chilipiparnum, chili- og nýrnabaunum, maís, svörtum baunum og kjúklingasoði. Næst fer allt krydd út í. Látið malla í a.m.k. 30 mín. en best er að láta allt malla rólega í a.m.k. 2 klst. Bætið rjómaosti út og sjóðið rólega þar til osturinn hefur bráðnað. Kryddið með salti og pipar ef þarf. Berið fram heitt í pottinum og hellið í skálar. Meðlæti við hæfi er t.d. límónubátar, rifinn cheddar-ostur, sýrður rjómi, kóríander, lárperubitar, saxaður rauð- og vorlaukur og nachos-flögur.

## Barnabókaflóðið skellur á



Á morgun, laugardag, klukkan þrjú opnar Norræna húsið glæsilega gagnvirka sýningu fyrir börn um barnabækur og furðuheim þeirra. Sýningin ber heitið Barnabókaflóðið og byggist á virkri þátttöku gesta sem geta tekið þátt í fjölbreyttum smiðjum og leyst skemmtileg verkefni. Sjálfur Miðgarðsormurinn leiðir börn í skapandi ferðalag úr einu rými í annað. Barnabækur byggja brýr og ferðalangar búa sér til vegabréf sem þeir stimpla í á hverjum viðkomustað. Börnin fá að taka þátt í að skapa sínar eigin sögur og sögupersónur, geta mátað sig í mismunandi hlutverkum með grímugerð og búningum, siglt víkingaskipi og skoðað kort af raunverulegum og ímynduðum stöðum úr barnabókum.

Aðgangur að sýningunni er ókeypis og hún verður opin til 30. apríl 2019. Kristín Ragna Gunnarsdóttir, rithöfundur og teiknari, er listrænn stjórnandi sýningarinnar.

# Hollur millibiti

Þegar klukkan nálgast þrjú á skrifstofunni finna margir fyrir að þá langi í eitthvað smávegis. Þá er ágætt ráð að hafa hjá sér hollan bita. Það geta verið ávextir í skál eða hnetur. Vel er hægt að skera niður alls kyns ávexti kvöldið áður og taka með sér í boxi í vinnuna. Það geta verið appelsínur, epli, vínber, jarðarber, bláber, kíví eða hvað það sem þér finnst best. Ávextir eru hollur millibiti og halda blóðsykrinum í lagi út daginn. Einn banani er líka ágætis kostur.

Ávextir í skál koma í veg fyrir að fólk fari í sjálfsala og kaupi sér eitthvert sælgæti. Hnetur er hollar líka og þær eru ríkar af prótíni og trefjum. Þær geta gefið mjög góða orku og einbeitingu. Engin ástæða er til að detta í heilan poka. Ágætt ráð er að taka með sér um það bil eina lúku af hnetum til að narta í síðdegis. Svo verða allir að muna að standa upp frá tölvunni að minnsta kosti einu sinni á hverjum klukkutíma og ganga aðeins um gólf, sækja sér vatn eða kaffi eða taka stigann upp og niður. Smá hreyfing gerir okkur gott.



**Ávextir af öllum gerðum eru góður millibiti í vinnunni þegar líða tekur á daginn. Sum fyrirtæki bjóða starfsfólki sínu upp á ávexti.**



# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Hreinsa þakrennur fyrir veturinn og tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. s:8478704 eða manninn@ hotmail.com

### Rafvirkjun

Gvendarbás Rafvirki- Alhliða raflagnir. Sími 853-1199 gvendarbas@simnet.is

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@ simnet.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677




## » Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

### » Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Þjónusta

### LAUSIR MENN

Erum með nokkra lausa menn sem geta hafið störf nú þegar.
- Málara
- Aðstoðarmenn við ýmsar framkvæmdir

Allar upplýsingar hjá Aleksöndru
í síma 775-7373 eða netfang
alexandra@proventus.is

**PROVENTUS**
*Starfsmannaþjónusta*
**551 5000**
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík




## Skemmtanir








Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA 12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur á frábæru verði
Hjólatjakkur 2T m/tösku
3.795
Öflugar háþrýstidælur 165Bör 1800W
19.999
Háþrýstidæla 1650W
9.999
6T Búkkar 605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
Mikið úrval af verkfæratöskum
frá 795
34.995
Verkfæraskápur á hjólum
79.995
Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum
Steðjar í miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi angle
6.985
14.995
1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk
5.995
Verkfærasett 108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp ryk/regn/frostþolið
24.995
Ruslapokar 10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Frábært úrval af dragböndum/ ströppum
Skóflur
frá 995
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm
Fjölsög Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC 1200W
19.995
Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)
16.995
Metabo KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# Það er hægt að byggja á þessu

**Íslenska kvennalandsliðið var óheppið að ná ekki að minnsta kosti jafntefli í vináttulandsleik gegn Svíþjóð á Ásvöllum í gær. Varnarleikur Íslands var á köflum afar öflugur og þá sáust fínar rispur í sóknarleik liðsins.**

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta þurfti að sætta sig við svekkjandi 25-26 tap gegn sterku liði Svíþjóðar í æfingarleik í gærkvöld. Stelpurnar okkar fengu nokkur tækifæri til að jafna leikinn á lokamínútu hans en fóru illa með góð færi þegar þau gáfust. Þetta var fyrri vináttulandsleikur þjóðanna en þær mætast aftur á morgun.

Leikirnir eru hluti af undirbúningi Íslands fyrir undankeppni HM 2019 sem hefst í Makedóníu í nóvember. Ísland hefur ekki komist á stórmót í sex ár og spreytti sig gegn einu af sterkustu liðum heims í gær.

Svíar virtust ekki vera tilbúnir að mæta hörkunni í íslenska varnarleiknum í fyrri hálfleik og átti Ísland góðan kafla undir lok hálfleiksins sem skilaði 15-13 forskoti þegar liðin gengu til búningsklefa. Góður kafli Svía í upphafi seinni hálfleiks gat gert út um leikinn en íslenska liðið neitaði að gefast upp. Þær áttu aðra eins rispu undir lok leiksins þegar þær skelltu í lás í varnarleiknum og hleyptu aðeins einu marki inn á síðustu níu mínútunum. Fengu þær þrjú færi til að jafna leikinn en fóru illa að ráði sínu.

Axel Stefánsson, þjálfari liðsins, var ánægður með margt í gær.

„Ég er mjög sáttur við frammistöðuna, hvernig við spilum út úr þessu þótt að ég sé svekktur með úrslitin. Maður þarf að geta greint á milli frammistöðu og úrslita, við áttum góðan möguleika á að vinna hér í kvöld en okkur tókst það ekki,“ sagði Axel og hélt áfram:

„Við höfum verið að yngja upp hópinn og þetta var framhald af góðu starfi sem hefur verið unnið síðasta árið. Varnarleikurinn var öflugur eins og í síðustu leikjum þrátt fyrir að það séu þrír mánuðir síðan við vorum saman síðast, við þurfum alltaf að halda sama aga í varnarleiknum og við sýndum í kvöld. Það er hægt að byggja heilmargt á þessu.“

Sóknarleikurinn hefur átt það til að vera hausverkur íslenska liðsins en hann var sérstaklega öflugur í fyrri hálfleik.

„Við erum að fá inn líkamlega sterkari leikmenn, það hefur verið talað um að það vanti í íslenska leikmenn að vera öflugri í einvígjum en í dag erum við með leikmenn sem þora að keyra á andstæðinga og bera enga virðingu fyrir þeim.“

Arna Sif Pálsdóttir, línumaðurinn öflugi, hrósaði spilamennsku liðsins þrátt fyrir tapið. „Ég vissi ekki við hverju ég ætti að búast af nýliðunum fyrir landsleikjahléið en það voru miklar framfarir í dag þrátt fyrir tapið og ég er ótrúlega ánægð með liðið. Við spiluðum fasta og góða vörn og vorum agaðar í sóknarleiknum sem hefur oft vantað hjá okkur.“ **kristinnpall@frettabladid.is**



Sænsku varnarmennirnir beittu ýmsum brögðum til að stöðva Lovísu Thompson sem lék afar vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Vináttulandsleikur

**Ísland 25-26 Svíþjóð**
(15-13)

**Mörk Íslands** Thea Imani Sturludóttir 4, Arna Sif Pálsdóttir 4/1, Lovísa Thompson 4, Helena Rut Örvarsdóttir 4, Karen Knútsdóttir 3/1, Þórey Rósa Stefánsdóttir 3, Díana Dögg Magnúsdóttir 2, Perla Ruth Albertsdóttir 1.
**Varin skot:** Hafdís Renötudóttir 12.

> **Við höfum verið að yngja upp hópinn og þetta var framhald af góðu starfi sem hefur verið unnið síðasta árið.**
>
> Axel Stefánsson

## Sigríður Lára í 16-liða úrslit

**FÓTBOLTI** Sigríður Lára Garðarsdóttir lék síðustu 20 mínúturnar þegar Lilleström vann 0-1 útisigur á Zvezda 2005 frá Rússlandi í seinni leik liðanna í 32-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær. Lilleström vann fyrri leikinn í Noregi 3-0 og einvígið 4-0 samanlagt.

Tvö önnur Íslendingalið verða í pottinum þegar dregið verður í 16-liða úrslit Meistaradeildarinnar á mánudaginn.

Landsliðsfyrirliðinn Sara Björk Gunnarsdóttir leikur með Wolfsburg sem tryggði sér sæti í 16-liða úrslitunum með 3-0 samanlögðum sigri á Þór/KA. Glódís Perla Viggósdóttir leikur með Rosengård sem vann Ryazan, 3-0 samanlagt. Þá leikur norska landsliðskonan María Þórisdóttir með Chelsea sem er einnig komið í 16-liða úrslit. **– iþs**



**Aleksander Ceferin, forseti UEFA, opinberar að EM 2024 verði haldið í Þýskalandi.** NORDICPHOTOS/GETTY

## EM 2024 verður í Þýskalandi

**FÓTBOLTI** Evrópumótið 2024 verður haldið í Þýskalandi. Greint var frá þessu í höfuðstöðvum UEFA, Knattspyrnusambands Evrópu, í Nyon í Sviss í gær. Þýskaland hafði betur gegn Tyrklandi. Þjóðverjar fengu tólf atkvæði gegn fjórum atkvæðum Tyrkja.

Leikið verður á tíu leikvöngum í eftirfarandi borgum: Berlín, Dortmund, Düsseldorf, Frankfurt, Gelsenkirchen, Hamborg, Köln, Leipzig, München og Stuttgart. Þjóðverjar þóttu betur til þess fallnir að halda EM enda tiltölulega stutt síðan stórmót (HM 2006) var haldið í Þýskalandi. **– iþs**

# Bandaríkin bíða eftir sigri í Evrópu

**GOLF** Eitt skemmtilegasta golfmót ársins, Ryder-bikarinn, hefst í dag þegar keppni í fjórmenningi (e. foursomes) og fjórbolta (e. fourball) hefst í Frakklandi. Fer mótið fram á Le Golf National-vellinum í úthverfum Parísarborgar og er spáð frábæru veðri um helgina og ætti því ekkert að trufla fremstu kylfinga heims. Um er að ræða liðakeppni þar sem evrópskir kylfingar mæta bandarískum kylfingum bæði í einstaklings- og liðakeppni.

Veðbankar telja bandaríska liðið sigurstranglegra enda hafa kylfingar þess leikið frábærlega að undanförnu en það eru 25 ár liðin síðan bandaríska liðið vann síðast keppni í Evrópu. Evrópska liðið hefur haft talsverða yfirburði undanfarna áratugi og hefur unnið átta af síðustu ellefu keppnum en síðast þegar liðin mættust unnu Bandaríkin afar sannfærandi sigur.

Þegar litið er yfir hóp kylfinganna skyldi engan undra að bandaríska liðið sé talið sigurstranglegra. Bandarískir kylfingar hafa verið afar sigursælir á þessu ári og eiga þeir allir sæti ofarlega á heimslistanum.

Neðstur af þeim er gamli refurinn Phil Mickelson í 25. sæti sem sýnir styrk bandaríska liðsins. Þá hafa bandarísku kylfingarnir unnið þrjá risatitla af fjórum undanfarin tvö ár.

Það eru stærri spurningarmerki í evrópska liðinu, kylfingar á borð við Ian Poultier og Sergio Garcia hafa ekki náð sér á strik á undanförnum mánuðum.

Það gæti hjálpað evrópska liðinu að allir kylfingarnir hafa leikið á vellinum þar sem franska meistaramótið er haldið á ári hverju á meðan aðeins fimm bandarísku kylfingar hafa leikið á vellinum. Nái þeir að nýta sér reynslu sína og hrökkvi kylfingar á borð við Garcia í gang skyldi enginn afskrifa lið Evrópu á heimavelli.

Sviðsljósið verður hins vegar á Tiger Woods sem tekur þátt sem kylfingur í Ryder-bikarnum í fyrsta sinn síðan 2012. Verður þetta í áttunda skiptið sem Tiger tekur þátt sem kylfingur og hefur hann aðeins unnið einu sinni, fyrir nítján árum. Endurkoma hans á PGA-mótaröðina var fullkomnuð þegar hann hrósaði sigri á lokamóti mótaraðarinnar um helgina og sýndi þar að hann hefur enn nóg fram að færa inni á vellinum. **– kpt**



Tiger Woods

### Ryder-bikarinn

○ Fjöldi leikja

Ryder-bikarinn er haldinn annað hvert ár sem keppni á milli tólf kylfinga frá Evrópu annars vegar og Bandaríkjunum hins vegar. Alls eru 28 einvígi leikin á þremur dögum í fimm törnum.

**Heildarsigrar í Rydernum****

| BNA | Evrópa |
|---|---|
| 26 | 13 |

**Fjórmenningur:** Tveggja manna lið sem notar einn bolta. Kylfingar skiptast á að slá og að taka upphafshögg af teig. *Alls fara fjórir leikir fram á fyrsta og öðrum degi.* (8)

**Fjórbolti:** Tveir kylfingar saman í liði, kylfingar spila hver með sinn bolta og eru fjórir boltar á hverri holu. *Fjórir leikir fara fram á fyrsta og öðrum degi.* (8)

**Einstaklingskeppni:** Tveir kylfingar, einn úr hvoru liði, mætast. *Tólf einvígi á milli kylfinga úr hvoru liði á lokadegi móts.* (12)

**Stigaskorun:** Liðið sem kemur í hús á betra skori fær eitt stig. Ljúki leik í einstaklings- eða liðakeppni með jafntefli fá liðin hálft stig hvort.

*Ef leik lýkur með 14-14 jafntefli heldur handhafi bikarsins, Bandaríkin í þetta skiptið, titlinum.
** Miðað er við ártalið 1979 þegar Evrópa keppti í fyrsta sinn. Þar áður kepptu Bretland og Írland saman.

**Heimild:** The PGA of America

# GLAMOUR

# Komið í allar helstu verslanir




*Íslenskt tískutímarit*

## Merkisatburðir

**1958** 79,2% kjósenda í Frakklandi samþykkja nýja stjórnarskrá í þjóðaratkvæðagreiðslu sem markar upphaf fimmta lýðveldisins í sögu Frakklands.



**1968** Við Menntaskólann við Hamrahlíð er sett upp höggmyndin Öldugjálfur eftir Ásmund Sveinsson, sem Reykjavíkurborg gaf skólanum.

**1969** Brot úr Murchison-loftsteininum falla til jarðar í Ástralíu.

**1988** Önnur ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tekur við völdum.



**1988** Á Ísafirði er afhjúpaður minnisvarði um Ragnar H. Ragnar, tónskáld og skólastjóra Tónlistarskóla Ísafjarðar. Ragnar hefði orðið níræður þennan dag.

**1991** Stofnað er landssamband björgunarsveita og hlýtur nafnið Landsbjörg.



**2006** Lokað er fyrir hjáveitugöng Kárahnjúkastíflu og myndun Hálslóns hefst.

**2010** Alþingi samþykkir að draga Geir H. Haarde fyrir Landsdóm á grundvelli laga um ráðherraábyrgð.

---

✝

Systir mín,

**Betty A. Lillie**

lést á Englandi 27. september.

**F.h. aðstandenda,**
**Sigríður Kristín Lister**

---



✝

Elskulegur sonur minn,

**Kenneth Páll Price**

andaðist þriðjudaginn 11. september. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Arnheiður Þórhallsdóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erla Dagmar Ólafsdóttir**

lést í faðmi fjölskyldu sinnar mánudaginn 24. september. Útförin fer fram í Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 2. október kl. 14.

**Sigrún Halldóra Gunnarsdóttir**
**Ólafur Reimar Gunnarsson** **Birna Ingólfsdóttir**
**María Manda Ívarsdóttir**
**Elín Ívarsdóttir** **Hilmar Guðmundsson**
**Díana Ívarsdóttir** **Guðlaugur Andri Sigfússon**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jóhannes Guðmannsson**

Berjarima 1,
Grafarvogi,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild LSH í Kópavogi 23. september. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 1. október kl. 13.00.

**María Jakobsdóttir**
**Laufey M. Jóhannesdóttir**
**Guðmann S. Jóhannesson** **Rósa F. Friðriksdóttir**
**Birgir S. Jóhannesson** **Anna M. Bragadóttir**
**Rósa Jóhannesdóttir**
**Hulda B. Jóhannesdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---

# Rafmögnuð barátta rafvirkja í Búdapest

**Nokkrir íslenskir garpar etja kappi í iðngreinum um þessar mundir í Búdapest. Þetta er Euroskills-keppnin þar sem keppt er í alls kyns iðn- og iðntengdum greinum eins og fram- og uppsetningu, verkfræði og fleiru. Jón Þór Einarsson keppir þar í rafvirkjun.**

Jón Þór Einarsson rafvirki er einn átta Íslendinga sem keppa í iðngreinum í Euroskills-keppninni í Búdapest sem hófst á miðvikudag. Samtals 525 keppendur frá 28 löndum taka þátt í 35 greinum í Euroskills. Alls átta keppendur eru frá Íslandi í hinum ýmsu fögum.

Jón Þór er 24 ára og lauk sveinsprófi fyrir þremur árum. Hann starfar hjá Árvirkjanum á Selfossi. Fram undan er rafmögnuð barátta hjá Jóni Þór við aðra rafvirkja á mótinu.

„Ég tók þátt í Skills Iceland árið 2017 og sigraði í keppni rafvirkja. Þetta er frábært tækifæri og mikill heiður að fá að keppa fyrir hönd Íslands. Þetta er mjög stór keppni og hér er maður að etja kappi við 15 aðra evrópska rafvirkja. Þetta er mikill lærdómur. Ég er búinn að vera að æfa fyrir þetta mót síðustu 12 mánuði og síðustu fjórar vikur hef ég verið á fullu í æfingabúðum. Ég er heppinn að hafa góða yfirmenn í vinnunni sem hafa sýnt þessu mikinn skilning. Þeir fá bara öflugri starfsmann til baka,“ segir Jón Þór.

> **Ég er heppinn að hafa góða yfirmenn í vinnunni sem hafa sýnt þessu mikinn skilning. Þeir fá bara öflugri starfsmann til baka.**




Jón Þór keppir um þessar mundir í rafvirkjun en hann sigraði í keppninni í fyrra.

Keppnin í rafvirkjun skiptist í þrjá liði. Fyrst og fremst er uppsetning og víring á búnaði, síðan forritun á hússtjórnarkerfi og iðntölvu og síðast en ekki síst er bóklegt rafmagnsfræðipróf.

„Jóhann Rönning hefur styrkt mig mjög sem og Rafiðnaðarsambandið. Ég er með tvo leiðbeinendur, Guðmund Ævar Guðmundsson og Andra Haraldsson, sem hafa staðið sig mjög vel í að leiðbeina mér og þjálfa fyrir þessa keppni. Einnig hafa þeir Hafsteinn Már Ársælsson og Davíð Ingi Guðmundsson leiðbeint mér í hússtjórnar- og iðntölvuforritun. Bjarni Freyr Þórðarson, sem keppti á Euroskills fyrir tveimur árum, hefur einnig lagt sitt af mörkum til að kenna mér og styðja við bakið á mér. Hann þekkir keppnina af eigin reynslu og getur miðlað mörgu til mín. Ég hlakka bara til að takast á við þessa keppni næstu þrjá daga. Ég ætla að gera mitt allra besta og mikið meira en það,“ segir Jón Þór enn fremur.

Fylgjast má með framvindu keppninnar og gengi Jóns á Euroskills2018.com. **stefanthor@frettabladid.is**

---

ÞETTA GERÐIST: 28. SEPTEMBER 1968

## Bítlarnir koma Hey Jude á toppinn

Breska hljómsveitin The Beatles kom laginu Hey Jude í fyrsta sæti breska vinsældalistans á þessum degi árið 1968. Lagið var það lengsta sem hefur náð fyrsta sæti listans, sjö mínútur að lengd, og það met stendur enn. Smáskífan seldist í átta milljónum eintaka næstu árin á eftir. Paul McCartney samdi lagið um það leyti sem John Lennon var að skilja við konu sína Cynthiu. Upphaflega byrjaði lagið á orðunum Hey Jules en ekki Hey Jude og átti McCartney þar við son þeirra Johns og Cynthiu, Julian. Með laginu vildi hann hugga drenginn, sem tók skilnaðinum afar illa.

***Hey Jude, don't make it bad***
***Take a sad song and make it better***
***Remember to let her into your heart***
***Then you can start to make it better***




KJÚKLINGA
DAGAR
21.-30. SEPTEMBER
KJÚKLINGAVÆNGIR
2 FYRIR 1
KJÚKLINGABORGARI
BBQ EÐA BUFFALO
1490 KR
MEÐ FRÖNSKUM OG GOSI
KJÚKLINGABITAR
BBQ EÐA BUFFALO
990 KR
3 BITAR, FRANSKAR OG GOS
FJÖLSKYLDUTILBOÐ 10 BITAR- 2L GOS
STÓR FRANSKAR 2990 KR
DIRTY BURGER & RIBS
pepsi MAX




Kynntu þér **Opel Crossland X** og bókaðu reynsluakstur á **crossland.opel.is**

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bílabúð Benna

# Herforingi í bakgarðinum

**Jón Óskar sýnir verk sín í Tveimur hröfnum. Fínn draumur kveikti hugmyndir. Myndir af fígúrum og görðum.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Myndlistarmaðurinn Jón Óskar sýnir verk sín í Tveimur hröfnum á Baldursgötu. Yfirskrift sýningarinnar er Bender. Nokkur saga er á bak við það nafn. „Ég hef alltaf talið mig hafa tekið mynd af foreldrum mínum þegar ég var þriggja ára. Þetta var alveg vonlaus mynd því þar sást ekki einu sinni í höfuð þeirra. Mér hefur samt alltaf fundist þessi mynd falleg og hef unnið fullt af ljósmyndum gegnum tíðina vegna áhrifa frá henni,“ segir Jón Óskar. „Fyrir þessa sýningu ákvað ég að skoða myndina og hafa hana jafnvel til sýnis. Ég fór í gegnum fjölskyldumyndaalbúm frá þessum tíma og engin mynd var horfin þaðan. Móðir mín kom alveg af fjöllum og vissi ekkert hvað ég var að tala um þegar ég minntist á þessa mynd. Sennilega er þetta bara fölsk minning. Þá stend ég frammi fyrir því að það sem ég hef verið að sýsla í gegnum tíðina er kannski allt saman misskilningur. Á ensku má kalla þetta mindbender.“

Meðal verka á sýningunni er átján mynda röð af fígúrum, sem gerðar eru með þurrkuðum olíulit. „Ég hef alltaf verið að gera fígúrur, þær poppa alltaf upp hjá mér og ein fígúran heitir Bender. Á myndunum er líka gróður og svo má sjá glitta í kanínur sem eru að leggja undir sig landið,“ segir listamaðurinn.

## Fínn draumur

Tvær risastórar garðamyndir eru áberandi á sýningunni. „Ég vaknaði einn morguninn við að einhver hrópaði: „Three star general in the garden!“ Það er ekki mjög þægileg tilfinning myndi maður halda að hafa herforingja í bakgarðinum. Samt var þetta fínn draumur og mér varð hugsað til kvennanna í hverfinu mínu: Siggu á Staðarhól, Guðrúnar blómakonu og Sigurbjargar frá Skipum sem voru herforingjar í sínum görðum. Þannig kviknaði hugmyndin að þessum myndum.“ Jón Óskar notaði olíu, kol og býflugnavax við gerð myndanna. „Það er býflugnavax í svo að segja öllum olíumálverkunum mínum.“



„Ég hef alltaf verið að gera fígúrur, þær poppa alltaf upp hjá mér og ein fígúran heitir Bender,“ segir Jón Óskar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



**Staðarhóll heitir þessi grípandi mynd sem er á sýningunni.**

## Gaman á vinnustofunni

Blaðamaður minnist þess að hafa heyrt Jón Óskar segja að hann væri ekki mikið fyrir opnanir. „Þegar það er opnun á sýningu þá koma kannski milli eitt og tvö hundruð manns og allir óska manni til hamingju en maður talar ekki við neinn. Samt er þetta allt ánægjulegt, en það eru engin samskipti. Auðvitað vil ég sýna en það er mikið stúss í kringum það. Skemmtilegast er að vera bara á vinnustofunni.“

Eiginkona Jóns Óskars er Hulda Hákon myndlistarkona og listamaðurinn er spurður hvort hann beri hugmyndir sínar undir hana. „Já, við erum dugleg að ræða hugmyndir hvort við annað. Við erum mjög ólík sem hefur hjálpað okkur mikið því að það væri flókið ef við værum að gera svipaða hluti. Þá væri viðkvæðið: Fyrirgefðu, en er það ekki ég sem átti hugmyndina að þessu verki? Við höfum getað notað hugmyndir hvort frá öðru. Stundum höfum við hreinlega gert sama verkið en samt er þar engin sjónræn tenging vegna þess að útfærslur okkar eru svo ólíkar.“

# Opið hjarta

**BÆKUR**

**Smáa letrið**

★★★★☆

**Linda Vilhjálmsdóttir**

**Útgefandi:** Mál og menning/Forlagið
**Fjöldi síðna:** 67 bls.

Linda Vilhjálmsdóttir (f. 1958) hefur á tæpum fjórum áratugum sent frá sér fjölda ljóða, auk leikrita og einnar sjálfsævisögulegrar skáldsögu, og unnið til verðlauna og viðurkenninga fyrir skrif sín.

Yfirleitt eru ljóð Lindu persónuleg og myndræn. Form þeirra lætur ekki mikið yfir sér, en þar er ekki allt sem sýnist. Mörg ljóða hennar geta skilið eftir sig barkandi bragð, kallað fram kaldan hlátur eða djúpa meðlíðan. Svo er einnig að þessu sinni í hennar nýjustu bók sem ber heitið Smáa letrið.

Á kápu bókarinnar er mynd af hjarta. Annar helmingur þess er á forsíðu, hinn á baksíðu, þannig að þegar lesandinn opnar bókina opnast hjartað. Þar streyma ljóðin fram á blaðsíðurnar, hógvær og lágstemmd í forminu, engir upphafsstafir, engin greinarmerki, bara orðin sjálf í allsleysi sínu og allsnægtum. Þó er ekkert léttvægt við inntak þessarar bókar, því að ljóðin eru sterk. Þau hrópa í hógværð sinni, líkt og bæld rödd sem brýst fram þegar síst varir. Þau bíta. Taka í hjartað. Heiðarleg og grimm. Kaldhæðin og hlý.

Oft er það svo að það sem raunverulega skiptir máli kemur fram í smáa letrinu. Þar birtist raunveruleikinn á bak við ásýndina. Launbitur titill ljóðabókarinnar er þess vegna vel við hæfi. Bókin miðlar kvenlegri reynslu sem oftar en ekki er undirtexti í bókmenntahefð okkar og opinberum veruleika. Í fyrsta ljóðinu renna kvenmyndir kynslóðanna fram á sviðið eins og fjárhópur af afrétti, kindurnar myndhverfing kvenleikans, hver með sínum einkennum sem í senn eru broslegar og átakanlegar:

*nú streymum við*
*misvænar niður á völlinn*

*margar*
*með þunga snjóköggla á kviðnum*

Sumar bera „klakakrónuna eins og erfðasynd á höfðinu“. Af öðrum stafar brunalykt nornabrennunnar. Enn aðrar bera með sér of mikið af öllu og eru „of fullar í ofanálag“.

Kvenlegar rætur, lífsbarátta kvenna, kúgun, bæling, sjálfsmyndarkreppa, sjálfsmyndarfrelsun. Allt eru þetta viðfangsefni bókarinnar sem opnar á afar sára hluti, veitir jafnvel innsýn í martraðarkennt persónulegt áfall þar sem ljóðmælandinn hefur frosið í viðjum þungrar reynslu. Þó er ekki kyrrstaða í ljóðunum. Ekkert varanlegt lamandi ástand heldur hreyfing, þróun. Og það þó að sjálfsmyndin sé ekki alltaf upp á marga fiska:

*stundum líður mér*
*eins og síld í tunnu [...]*

*stundum*
*eins og aflandskrónu*
*í höftum [...]*

*alltaf*
*eins og stelpukrakka á bakaleið*
*í myrkri*

Samhliða sjáum við karlmann allra tíma „með heiðbláa skikkjuna hangandi á bakinu“ eins og segir í einu ljóðanna:

*stígur hann niður*
*og veður fram eftir rauðum*
*slóðanum*

*yfir hold blóð reiði*
*og skömm mæðra okkar og dætra*



Systurnar reiði og skömm eru hálfgert leiðarstef í þessari persónulegu ljóðabók. Sum ljóðin hrópa þær fram, önnur hvísla þeim. En undir bókarlok hefur náðst mikilvægur áfangi sem líkja má við einhverskonar lausn þar sem litið er til baka „í mildara ljósi sjálfstraustsins“.

Þannig má segja að lesandinn sé tekinn í sálrænt ferðalag inn að hjartafylgsnum skáldsins. Á leiðinni er ljóðmælandinn að reyta arfa og „tína upp rusl svo gróðurinn megi dafna“ eins og segir í síðustu línu bókarinnar. Sú niðurstaða lætur lítið yfir sér en opnar á óorðaðan skilning og einhverskonar sátt.

**Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Hnitmiðuð og grípandi ljóðabók sem situr eftir í hugskoti að lestri loknum.

# Hvað? Hvenær? Hvar? föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 28. SEPTEMBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** SOE Kitchen 101: Mengi – Music for Diners
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Marshallhúsið, Granda
Í Marshallhúsinu á Granda stendur Mengi fyrir tónleikaröð öll fimmtudagskvöld í samstarfi við SOE Kitchen 101. Þar koma fram Ólöf Arnalds, Skúli Sverrisson og sérstakur tónlistargestur sem að þessu sinni verður gítarleikarinn Daníel Friðrik Böðvarsson. Verkefnið er tónverk í vinnslu sem þróast yfir 12 vikna tímabil og verður að lokum eitt heildstætt verk sem flutt verður á síðustu tónleikunum í októberlok. Þar koma fram allir þeir sem tekið hafa þátt í sköpunarferlinu.

**Hvað?** U2 kvöld í Bæjarbíói
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bæjarbíó, Hafnarfirði
Í kvöld, 28. september, verður mikið um dýrðir í Bæjarbíói þar sem tónlist U2 verður leikin af nokkrum af vandaðri einstaklingum íslenska poppgeirans. Þetta er í annað sinn sem þetta er sett upp í Bæjarbíói.

**Hvað?** Gítarveisla Bjössa Thor – Reykjavik Guitarama
**Hvenær?**
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Martin og Ulf eru meðal allra virtustu gítarleikara samtímans. Þeir hafa spilað saman út um allan heim að undanförnu. Báðir eiga þeir stórmerkilegan feril að baki. Martin spilaði árum saman með Stéphane Grappelli og Ulf lék í áratug með Oscari Peterson.

**Hvað?** AdHd í Mengi
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Hljómsveitin AdHd hefur verið starfrækt í áratug eða rétt rúmlega það. Á þessum tíu árum hefur sveitin gefið út 6 plötur og er sú 7. í vinnslu þegar þessi orð eru rituð. Hljómsveitin hefur undanfarin ár ferðast um víðan völl og leikið á tónleikum um alla Evrópu.

**Hvað?** Cloud Rat (US), Logn, Börn og AMFJ á Húrra
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Mulningskjarnatryllingstríóið Cloud Rat heimsækir Ísland í fyrsta sinn og heldur þrenna tónleika með gjörólíku sniði. Þeir fyrstu og stærstu verða föstudaginn 28. september á Húrra.

### Viðburðir

**Hvað?** Danskvöld
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Danshöllin, Drafnarfelli
Í kvöld er danskvöld í Danshöllinni, jump, bugg og sving í fyrirrúmi og hressandi danstónlist og þar gefst tækifæri til að æfa sig í þessum dönsum í góðum félagsskap.



**RIFF hátíðin stendur yfir þessa dagana og mikið er þar um dýrðir, til dæmis í Hörpu, Bíói Paradís og Norræna húsinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Hvað?** Hinir sjö siðvöndu í bambuslundinum
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Veröld – hús Vigdísar
Konfúsíusarstofnunin Norðurljós stendur fyrir fyrirlestri ítalska fræðimannsins Lidiu Tammaro í dag, föstudaginn 28. september. Ber fyrirlesturinn heitið: Hinir sjö siðvöndu í bambuslundinum – skyggnst inn í ármiðaldir Kína (220-589).


**Hljómsveitin AdHd leikur nokkur létt lög í Mengi í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvað?** Red RIFF 2018
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Dagskráin hefst á sýningu á myndböndum nokkurra leikstjóra og listamanna í Sal 1 í Bíói Paradís. Blanda af frumsýningum og þekktum myndböndum. Þar á eftir gefst gestum tækifæri á að hlusta á afslappað spjall sem Bergur Ebbi mun stýra. Eftir sýninguna og spjallið verður blásið til veislu, þar sem SURA þeytir skífum og drykkir frá Red Bull verða á boðstólum.

**Hvað?** Ari Eldjárn og Sinfó: Uppistand
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa
Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ara Eldjárn á síðasta starfsári nutu geysilegra vinsælda. Uppselt var á þrenna tónleika í Eldborg og eftirspurn eftir miðum var slík að ákveðið var að endurtaka tónleikana í september 2018. Ari er ósvikinn gleðigjafi og hér fer hann með gamanmál sem tengjast hljómsveitinni en kynnir einnig vinsæl hljómsveitarverk sem margir þekkja úr öðru samhengi en af sinfóníutónleikum, til dæmis úr vinsælum kvikmyndum síðustu áratuga.

**Hvað?** RIFF Masterclass : Sergei Loznitsa
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Norræna húsið
Venju samkvæmt stendur RIFF – Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík fyrir spennandi meistaraspjöllum með þeim frábæru kvikmyndagerðarmönnum sem heiðra hátíðina með nærveru sinni. Ókeypis inn og allir velkomnir.

**Hvað?** Dreaming Murakami
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Veröld – Hús Vigdísar
Mette Holm hefur árum saman þýtt bækur Haruki Murakami yfir á dönsku. En þýðingarferlið er vandasamt, sérstaklega þegar upprunamálið er japanska og þegar höfundurinn skrifar meistaraverk sem dansa ávallt á hárfínni línu milli þess raunverulega og þess súrrealíska. Nitesh Anjaan skapar hér athyglisverða heimildarmynd í anda Murakami, þar sem skáldskapur og raunsæi blandast saman.






**SUÐUR-AMERÍSKI DRAUMURINN**
KL. 20:25

Biðin er á enda! Rosalegasta kapphlaup í íslensku sjónvarpi heldur áfram í kvöld þar sem líf og limir eru lagðir undir. Auddi, Pétur, Steindi, Sveppi og haugur af misgáfulegum reglum. **Vertu með frá byrjun!**

**Föstudagur**
í **opinni** dagskrá

Fáðu þér áskrift á
**stod2.is**




**THE X-FACTOR UK**
KL. 19:25

Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni ásamt fleiri góðum gestum.







**DRAGONHEART**
KL. 21:05

Hörkuspennandi og gamansöm ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna um riddarann Bowen og félaga hans sem er risastór dreki, sá síðasti sinnar tegundar. Aðalhlutverk leika Dennis Quaid og Sean Connery.




**AMERICAN ASSASSIN**
KL. 22:50

Eftir að unnusta Mitch Rapp er myrt í hryðjuverkaárás ákveður hann að helga líf sitt baráttunni gegn hryðjuverkamönnum og gengur til liðs við bandarísku leyniþjónustuna.

Allt þetta og meira til
á aðeins **9.990 kr.** **stod2.is**


# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Blíða og Blær**
**07.25 Tommi og Jenni**
**07.45 Strákarnir**
**08.10 The Middle**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Restaurant Startup**
**11.00 The Goldbergs**
**11.25 Veistu hver ég var?**
**12.10 Feðgar á ferð**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 My Old Lady**
**14.40 Middle School: The Worst Years of My Life**
**16.10 Satt eða logið**
**16.50 Secret World of Lego**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Fréttayfirlit og veður**
**19.25 The X-Factor**
**20.25 Suðurameríski draumurinn** Það er komið að fjórða og mest spennandi „Draumnum“ hingað til. Skemmtilegir þættir þar sem tvö lið þeysast um Suður-Ameríku í kapplaupi við tímann og freista þess að safna stigum með því að leysa ævintýralegar og afar fjölbreyttar þrautir. Liðin eru mönnuð snillingunum Audda, Steinda, Sveppa og Pétri Jóhanni.
**21.00 Dragonheart**
**22.40 American Assassin** Spennutryllir með Dylan O'Brien og Michael Keaton frá 2017. Eftir að unnusta Mitch Rapp er myrt í hryðjuverkaárás ákveður hann að helga líf sitt baráttunni gegn hryðjuverkamönnum og gengur til liðs við bandarísku leyniþjónustuna. Þar nýtur hann leiðsagnar Stans Hurley sem er þaulvanur í baráttunni og áður en langt um líður er komið að fyrsta verkefninu: Að stöðva dularfullan hryðjuverkamann sem kallast „Draugurinn“ og er að reyna að koma þriðju heimsstyrjöldinni í gang.
**00.40 All Eyez on Me**
**02.55 The Girl with All the Gifts**
**04.45 My Old Lady**
**06.30 The Middle**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.05 Empoli - AC Milan**
**08.45 West Ham - Chelsea**
**10.25 Arsenal - Everton**
**12.10 Premier League World**
**12.40 Oxford - Manchester City**
**14.25 Manchester United - Derby**
**16.30 Liverpool - Chelsea**
**18.10 PL Match Pack**
**18.40 Sheffield Wed. - Leeds**
**20.45 Domino's körfuboltakvöld - Upphitun karla**
**22.25 Premier League Preview**
**22.55 La Liga Report**
**23.25 Evrópudeildin - fréttaþáttur**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.40 FH - Valur**
**09.35 Fjölnir - Breiðablik**
**11.25 Pepsi-mörkin**
**12.50 Valur - Breiðablik**
**14.30 Pepsi-mörk kvenna**
**15.35 Selfoss - Afturelding**
**16.55 Seinni bylgjan**
**18.25 La Liga Report**
**18.55 Rayo Vallecano - Espanyol**
**21.00 Sevilla - Real Madrid**
**22.45 Sheffield Wed. - Leeds**

## STÖÐ 3

**19.15 Great News**
**19.40 The Big Bang Theory**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.55 Fresh Off the Boat**
**21.20 The Simpsons**
**21.45 Bob's Burgers**
**22.10 American Dad**
**22.35 Silicon Valley**
**23.05 Eastbound and Down**
**23.35 Unreal**
**00.45 The Big Bang Theory**
**01.05 Seinfeld**
**01.30 Friends**
**02.00 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveins**
**08.49 Lalli**
**08.54 Rasmus Klumpur og félagar**
**09.00 Strumparnir**
**09.25 Ævintýraferðin**
**09.37 Hvellur keppnisbíll**
**09.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.00 Stóri og Litli**
**10.13 Tindur**
**10.23 Mæja býfluga**
**10.35 K3**
**10.46 Grettir**
**11.00 Dóra könnuður**
**11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveins**
**12.49 Lalli**
**12.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**13.00 Strumparnir**
**13.25 Ævintýraferðin**
**13.37 Hvellur keppnisbíll**
**13.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.00 Stóri og Litli**
**14.13 Tindur**
**14.23 Mæja býfluga**
**14.35 K3**
**14.46 Grettir**
**15.00 Dóra könnuður**
**15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveins**
**16.49 Lalli**
**16.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**17.00 Strumparnir**
**17.25 Ævintýraferðin**
**17.37 Hvellur keppnisbíll**
**17.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.00 Stóri og Litli**
**18.13 Tindur**
**18.23 Mæja býfluga**
**18.35 K3**
**18.46 Grettir**
**19.00 Emoji myndin**



**Dóra könnuður, 11.00 og 15.00**

## GOLFSTÖÐIN

**17.00 Champions Tour Highlights**
**17.55 Inside the PGA Tour**
**18.20 PGA Highlights**
**19.15 Ryder Cup**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.00 Grown Ups**
**11.45 Batman Begins**
**14.05 Patch Adams**
**16.00 Grown Ups**
**17.45 Batman Begins** Fjórða og að margra mati besta Batman-myndin þar sem segir frá uppvaxtarárum Bruce Wayne og hvernig það bar til að hann öðlaðist ofurkrafta og varð Leðurblökumaðurinn. Með aðalhlutverk fara Christian Bale, Liam Neeson, Michael Caine og Katie Holmes.
**20.05 Patch Adams**
**22.00 American Pastoral** Glæpamynd frá 2016 með Jennifer Connelly, Dakota Fanning og Ewan McGregor sem er jafnframt leikstjóri myndarinnar. Seymour „Swede“ Levov hefur að segja má verið alla sína ævi fyrirmynd annarra í samfélaginu. Hann er af góðu og ríku fólki kominn, er fyrrverandi íþróttastjarna sem kvæntist eftirsóttustu stúlkunni í bænum, fegurðardísinni Dawn, og eignaðist með henni dótturina Merry.
**23.50 Mike and Dave Need Wedding Dates**
**01.25 The Hunter's Prayer**
**02.55 American Pastoral**

## RÚV

**13.00 Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2008-2009**
**14.05 Úr Gullkistu RÚV: 89 á stöðinni**
**14.30 Úr Gullkistu RÚV: Fólk og firnindi**
**15.20 Úr Gullkistu RÚV: Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni**
**15.50 Úr Gullkistu RÚV: Stúdíó A**
**16.30 Thorne læknir**
**17.20 Landinn**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Hönnunarstirnin**
**18.16 Anna og vélmennin**
**18.38 Kóðinn - Saga tölvunnar**
**18.40 Krakkafréttir vikunnar**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Útsvar**
**21.05 Séra Brown**
**21.55 Olivia Newton-John**
**23.40 Lewis**
**01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Ný sýn**
**14.25 Með Loga**
**15.15 Family Guy**
**15.40 Glee**
**16.25 Everybody Loves Raymond**
**16.45 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.30 The Voice**
**21.00 Marvel's Cloak & Dagger**
**21.50 Marvel's Agent Carter**
**22.40 Marvel's Inhumans**
**23.25 The Tonight Show**
**00.55 The Crossing**
**01.40 The Affair**
**02.40 The Good Fight**
**03.25 Star**
**04.10 I'm Dying Up Here**
**05.00 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# BÓKIN, BEST VINA!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON




**Mín sök**
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.999.-




**Svarta kisa - Til hamingju með afmælið**
VILDARVERÐ: 1.559.-
Verð: 1.999.-




**Þetta var bróðir minn...**
VILDARVERÐ: 2.699.-
Verð: 3.499.-




**Ilmkjarnaolíur**
VILDARVERÐ: 3.899.-
Verð: 4.999.-




**„Ekki misskilja mig vitlaust!"**
VILDARVERÐ: 2.399.-
Verð: 3.299.-




**Katrínarsaga**
VILDARVERÐ: 4.599.-
Verð: 5.999.-




**Svarta kisa - Fer í bað**
VILDARVERÐ: 1.559.-
Verð: 1.999.-




**Hilma**
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.999.-




**Eitraða barnið**
VILDARVERÐ: 4.599.-
Verð: 5.999.-




**Gatið**
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.999.-




**Fótboltaspurningar 2018**
VILDARVERÐ: 1.299.-
Verð: 1.699.-




**Framtíðarheimur**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 4.499.-

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 1. október eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## LONDON



**ALEXA CHUNG**

Alexa Chung lagði áherslu á þægilegan klæðnað í vinnuna. Silkiskyrtur, pils og fín útgáfa af smekkbuxum nutu sín vel á tískupallinum.



**BURBERRY**

Fyrstu línu Riccardo Tisci fyrir Burberry var beðið með mikilli eftirvæntingu. Það kom mörgum á óvart hvað línan var hefðbundin, þar sem brúni liturinn var mjög áberandi.



**JW ANDERSON**

Markmið Jonathan Anderson fyrir þessa línu var að gera fatnað sem virkar flókinn, en er auvelt að klæðast. Línan hans fyrir næsta sumar verður fágaðri en áður.

## NEW YORK



**TIBI**

Tibi er þekkt fyrir þægilegan og klæðilegan fatnað og þá sérstaklega fallegar dragtir. Engin undantekning var í ár en dragtin var aðeins víðari en áður. Fullkomið haustdress.

# Fatnaður sem auðvelt er að klæðast

Tískuvikurnar eru senn á enda, en þeim lýkur í stórborg Parísar eftir nokkra daga. Það sem hefur einkennt fatalínur næsta sumars er það, að hönnuðir leggja áherslu á þægilegan fatnað sem auðvelt er að klæðast.

## MÍLANÓ



**PRADA**

Prada er þekkt fyrir að fara sínar eigin leiðir og á það svo sannarlega við hér. Fatalínan var full af sniðugum og klæðilegum flíkum, en stílisering sýningarinnar var full af góðum hugmyndum. Miuccia Prada, yfirhönnuður tískuhússins, gekk skrefinu lengra og setti hvítar karlanærbuxur undir gagnsæjan svartan kjól.

## PARÍS



**DRIES VAN NOTEN**

Dries Van Noten leikur sér oft með stór og við snið. Línan hans fyrir næsta sumar var stútfull af mynstri en það sem vakti mesta lukku var meðferð hans á hvíta bolnum.



**MAISON MARGIELA**

Það var enginn munur á fatnaði kynjanna á sýningu Maison Margiela. Allir ættu að eiga eina svarta dragt, eða svört jakkaföt í fataskápnum. Víð og svört, frekar einfalt.




GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

# 25%
# AFSLÁTTUR

**AF ÖLLUM VÖRUM Í THE BODY SHOP KRINGLUNNI**

27. - 29. SEPTEMBER




## VIÐ LOKUM Í KRINGLUNNI VEGNA BREYTINGA

**OPNUM NÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN FÖSTUDAGINN 12. OKTÓBER**

**Afslátturinn gildir aðeins í The Body Shop Kringlunni**

# THE BODY SHOP®

KRINGLUNNI








Ekki náðist í Óla Geir í gær og ekki er vitað hvort hann er að stækka við sig eða minnka.

# Óli Geir selur höllina

Athafnamaðurinn **Ólafur Geir Jónsson** hefur sett höllina sína í Reykjanesbæ á sölu. Húsið er allt hið glæsilegasta, fimm herbergja einbýli á stórgóðum stað með tvöföldum bílskúr. Uppsett verð er 63 milljónir.



Athafnamaðurinn Ólafur Geir Jónsson, betur þekktur sem Óli Geir, hefur sett 208 fermetra höll sína í Fitjaási í Reykjanesbæ á sölu. Er ásett verð 63 milljónir króna. Húsið er fimm herbergja einbýli á einni hæð, byggt á því herrans ári 2007, með tvöföldum 40 fermetra bílskúr.

Anddyrið er flísalagt með góðum fataskápum. Inn af því er komið inn í flísalagt stórt alrými. Eldhúsið sæmir eðalbornum og hvaða kokk sem er. Risastórt með sérsmíðuðum hvítum innréttingum og miklu borðplássi. Þar má henda í allra handa rétti án þess að finna til plássleysis.

**»HÚSIÐ ER FIMM HERBERGJA EINBÝLI Á EINNI HÆÐ Í ÁSAHVERFI Í REYKJANESBÆ, BYGGT Á ÞVÍ HERRANS ÁRI 2007, MEÐ TVÖFÖLDUM 40 FERMETRA BÍLSKÚR.**



**»ÓLI GEIR VARÐ HLUTI AF ÞJÓÐARSÁLINNI ÞEGAR HANN VAR KOSINN HERRA ÍSLAND ÁRIÐ 2005. HANN VARÐ SÍÐAR AÐ SKILA ÞEIM TITLI. VAR ÞAÐ Í FYRSTA SINN SEM ÞAÐ GERÐIST Í SÖGU FEGURÐARSAMKEPPNI ÍSLANDS.**





Eignasalan.is hefur höllina hans Óla til sölu. Þar er meðal annars leðurklæddur bar og svarti og hvíti liturinn nýtur sín í botn.

Hjónaherbergið er vel skreytt með stóru fataherbergi inn af. Silkimjúkt harðparket er þar á gólfum. Dugar ekkert minna. Tvö önnur herbergi eru í húsinu einnig með harðparketi. Baðherbergið er með hornbaðkari og sturtu sem rúmar tvo auðveldlega. Sturtuhausinn er fyrsta flokks.

Gólfhiti er í húsinu og þvottahúsið er eins og klippt út úr Húsum og híbýlum. Glæsileg vinnuaðstaða. Bílskúrinn er síðan draumur allra enda tvöfaldur og nóg af plássi.



Óli Geir varð hluti af þjóðarsálinni þegar hann var kosinn Herra Ísland árið 2005. Hann varð síðar að skila þeim titli. Var það í fyrsta sinn sem það gerðist í sögu Fegurðarsamkeppni Íslands. Ástæðan sem honum var gefin var að hann hefði kynnt hjálpartæki ástalífsins í sjónvarpsþættinum Splash og bloggað um daginn og veginn. Jón Gunnlaugur Viggósson tók við keflinu.

Óli Geir hefur síðan haldið tónlistarhátíð og snertir á sjálfum tímanum með úrafyrirtæki sínu Nora.

**benediktboas@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

Samgöngu- og
sveitarstjórnarráðuneytið

# Hvalfjarðargöngin eru nú eign þjóðarinnar

**Íslenska ríkið mun nú taka yfir rekstur Hvalfjarðarganga og um leið verður gjaldtöku hætt.**

Þessi mikla samgöngubót var tekin í notkun 11. júlí 1998 og frá fyrsta degi fór notkun gangnanna fram úr bæði áætlunum og björtustu vonum. Farnar hafa verið meira en 32 milljón ferðir um göngin á þessum árum og um 2.100 milljón kílómetrar í akstri hafa sparast, nokkuð sem ber að fagna sérstaklega á tímum baráttunnar gegn losun gróður-húsalofttegunda. Umferðaröryggi hefur einnig aukist og slysum fækkað.

Hvalfjarðargöngin eru dæmi um verkefni sem snýr að öllum markmiðum samgönguáætlunar; greiðar, öruggar og hagkvæmar samgöngur sem stuðla að umhverfislegri sjálfbærni og jákvæðri byggðaþróun.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið þakkar Speli ehf. fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf og óskar landsmönnum öllum til hamingju með göngin sín.



# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177



**BAKÞANKAR**
Þórarins Þórarinssonar




## Krakkafréttir

Margt skrýtið býr í hausum fólksins sem heldur til í ysta hægra horni tilverunnar. Hnattræn hlýnun er blekking, Donald Trump er æði, Ísraelar eru ætíð í rétti með öll sín fólskuverk í Palestínu og borgarlínan er hraðbraut til helvítis. Af því bara.

Þessir handhafar sannleikans fóru á háa c-ið nýlega í sameiginlegu móðursýkiskasti yfir Krakkafréttum RÚV. Þar er hvert tækifæri nýtt til þess að eitra huga barnanna okkar; innræta þeim gyðingahatur og ljúga að þeim að Trump sé skrýtinn kjáni.

Hvað nákvæmlega er að því að fréttir eru gerðar börnum aðgengilegar? Í versta falli kennir þessi sakleysislegi dagskrárliður börnum að fylgjast með veröldinni í kringum sig. Velta hlutum fyrir sér, hugsa og spyrja.

Sennilega hatar þetta fólk bara gagnrýna hugsun meira en allt annað.

Krakkar eru engin fífl eins og foreldrar Ara, hvers spurningum var erfitt að svara, geta staðfest. Getur verið að krakkafréttahatararnir nenni einfaldlega ekki að ræða við börnin sín?

Ég og vinir mínir máttum gera okkur „fullorðinsfréttir“ að góðu. Nutum þess samt að foreldrar okkar og kennarar töluðu við okkur og það fyrsta sem okkur var kennt var að trúa aldrei öllu í fréttunum.

Fréttagláp getur tæplega skaðað nokkurt barn. Og þó. Ég var á barnsaldri þegar ég sagði alltaf „Nixon gerði það“ þegar ég var staðinn að skammarstrikum. Kannski tókst vondum vinstri mönnum að heilaþvo mig strax í bernsku? Svona í ljósi þess að Richard Nixon er samkvæmt þeim sem allt vita næstbesti forseti Bandaríkjanna á eftir Donald Trump.










# **KVEIKTU Á GLEÐINNI** MEÐ OKKUR Í VETUR

| Mánudagurinn | Þriðjudagurinn | Miðvikudagurinn |
| --- | --- | --- |
| **1. okt** | **2. okt** | **3. okt** |



# NÝ OG BETRI VERÐ

Þú velur hvað þú vilt, borgar ekki fyrir óþarfa og færð fyrir vikið meira af því sem þú vilt horfa á.

**Hvernig áskrift hentar þér?**




MARAÞON

## Kveiktu á **Stöð 2 Maraþon**

**Stöð 2 Maraþon er efnisveita sem inniheldur gríðarlegt úrval íslenskra þátta.** Þú finnur einnig þúsundir klukkustunda af kvikmyndum og sjónvarpsþáttum fyrir alla fjölskylduna.

aðeins **1.990 kr./mán.**

FRELSI

## Kveiktu á **Stöð 2**

**Nú getur þú keypt staka áskrift að Stöð 2 á enn betra verði.** Eitthvað fyrir alla fjölskylduna og þú horfir hvar og hvenær sem er.

aðeins **6.990 kr./mán.**






3 BÍÓ Krakkar MARAÞON FRELSI hopster

## Kveiktu á **Skemmtipakkanum**

**Skemmtipakkinn inniheldur fjölbreytta afþreyingu fyrir alla fjölskylduna.** Nýjustu þættirnir, gamlir og góðir vinir, kvikmyndir og barnaefni.

aðeins **9.990 kr./mán.**

stod2.is | 1817

+PLÚS



Máli Erlu Bolladóttur er hvergi nærri lokið.





Aðstandendur og afkomendur hinna sýknuðu í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum féllust í faðma.

# Tilfinningar í Hæstarétti



Ragnar Aðalsteinsson lögmaður var hugsi.





